

# Ævintýrleg ævi Lilju

Lilja Sigurðardóttir rithöfundur á að baki ævintýrlega ævi. Hún þjálfaði bardagahana sem barn í Mexíkó, skrifaði fyrstu skáldsöguna sína í hádegishléum og sannfærði eiginkonuna um að hún væri sú eina rétta þrátt fyrir 15 ára aldursmun.

– sjá síðu 10





## UPPÁHALDS AÐVENTU/JÓLA



Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, deilir með okkur 5 uppáhalds á aðventu og jólum. Vigdís er blómaskreytinga- og garðyrkjufraeðingur og er fyrsti Íslandsmeistarinn í blómaskreytingum. „Það eru alltaf sömu fimm hlutirnir sem ég fæ mér á aðventunni og fyrir jólin. Ég er með frekar skandinavískan og einfaldan smekk þegar kemur að þessum árstíma. Vil hafa hlutina einfalda og flotta þannig að eitt skyggi ekki á annað,“ segir Vigdís.

### 1 Rauðir túlpanar

Get ekki verið án þeirra á aðfangadag.



### 2 Rauður amaryllis í potti

Verð að eiga einn slíkan á aðventunni.



### 3 Rauð litil epli

sem ég kaupí úti í matvörubúð. Ómissandi í skálar og á hurðakransa – lyktin er svo góð.

### 4 Stafafura

#### úr íslenskri náttúru

Uppáhalds græna efnið mitt í skreytingum og hurðakrönsunum á aðventunni.

### 5 Grófir könglar

Þeir eru yndislega fallegir með eplunum og furunni.



# Er pabbi þinn heima?

## É

g varð 36 ára gömul í vikunni en fann mig engu að síður í sömu stöðu og þegar ég var þrítug, tvítug og tíu ára. Mér eldri karlmaður vildi ræða við annan karlmann um mín störf.


Ég hef áður skrifað um það sem ég kalla „Er pabbi þinn heima?“ heilkenni en það var fyrir sléttum sex árum og þá var ég að furða mig á því að ég væri enn að lenda í slíkum aðstæðum. Þá var ég framkvæmdastjóri markaðssviðs Skjásins og var mætt á fund með manni sem ég var að íhuga að stunda stórtæk viðskipti við.

Ég lokaði dyrunum á fundarherberginu, settist við borðið og hóf fundinn. Það voru ekki liðnar fimm mínútur þegar maðurinn, sem er alla jafna kurteis og skemmtilegur, sagði: „Ég bjóst nú við að forstjórinn sæti fundinn.“ Með þessu fylgdi: „Er pabbi þinn heima?“-svipurinn. Þessi ágæti maður sem er þó nokkuð eldri en ég var að vísa í karlkyns forstjóra á svipuðu reki og hann sjálfur. Hann vildi sem sagt eiga „karlasþjall“.

Sami maður vísaði í mig stuttu seinna í símtali við forstjórann sem „stelpuna“ þar sem hann setti út á störf mín og benti á að ég ætti að vera í sjónvarpi – ekki á skrifstofu. Ég held að hann hafi séð það sem hrós.

Áðurnefnt heilkenni einkennir oft eldri karlmenn sem treysta sér illa til að tala við konur, sérstaklega ef þær eru yngri en þeir. Heilkennið lýsir sé meðal annars í ótta eldri manns sem horfir yfir öxlina á konum í vonum að finna annan eldri mann til að mynda augnsamband og ræða við.

Það var svo í liðinni viku sem þjóðþekktur maður, sem er alla jafna þeyttur rjómi, hafði samband við eiginmann minn til að ræða starf mitt og verkefni dagsins. Þetta fannst mér ömurlegt. Atvikið þótti mér niðurlægjandi fyrir annars frábæran mann að ræða við



Pabbi, hvað er feðraveldi?

MYND/GETTY

eiginmann minn um mín störf. Störf sem téður eiginmaður hefur ekkert með að gera og ég hef reynt að setja hann sem minnst inn í.

Ég hefði tekið því vel að ræða og útlista málið beint við manninn þó það reyndar hafi alls ekki fjallað um hann, heldur dóttur hans. En jú, pabbi hefur samband við eiginmann ritstjóra.

Ég held því alls ekki fram að þetta tilvik, né það sem fyrr er rætt, sé sprottið af slæmum ásetningi eða dónaskap. Þetta er gamli hugsunarhátturinn sem er svo baneitraður. Ég er þrjátíu og foking sex ára! Ekki klaga mig í eiginmann minn, pabba minn, eða aðra mér eldri karlmenn á svæðinu. Ekki tala fram hjá mér á fundum og ekki voga þér að halda að ég geti ekki talað mínu máli og gert heilkennið í þér fohelt ef þarf.

Nei! Pabbi minn er ekki heima! ■

## Einfaldir menn og reglur

### SVART HÖFÐI

Svarthöfði er ekki flókinn maður. Hann kann að meta að vakna á sama tíma á hverjum degi, borða klassískan hafragraut með engum óþarfa sætuefnum eða ávaxtarugli, skila svo grautum akkúrat tuttugu mínútum eftir fyrsta kaffibollann og horfa á fréttatímann á hverju kvöldi – þó svo fréttatími sjónvarpsins sé úreltur miðill sem endursegir aðeins fréttir sem hægt var að lesa á netmiðlum mörgum klukkustundum fyrr. Sem sagt einfaldur rútínumaður.

Þess vegna hafa þessar sóttvarnaaðgerðir valdið því að Svarthöfði er búinn að naga neglur sínar svo mikið að ef hann er alveg hrein-skilinn er hann eiginlega

að stunda mannát á þessum tímamarki.

Að vita hvaða fjöldatakmörkanir gilda á hverjum tíma í dag er eins og að spila flókið borðspil. Fyrst þarf að reikna út hvað viðstaddir eru gamlir. Börn teljast ekki inni í takmörkum. Svo þarf að gera upp á milli fjölskyldumeðlima og vina til að velja inn í svo nefnda jólakúlu. Ekki líklegt til vinsælda enda eru fjölskyldumeðlimir oft fljótir til að stökkva í fýlu þegar gert er upp á milli þeirra.

Fimmtán manna hópur má ekki koma saman á heimili, en má koma saman á veitingastað og tæknilega séð geta allir farið saman í IKEA og í sund.

Svo eru þekktir tónlistarmenn að boða jólatónleika heima í stofu. Á einum tónleikunum eru búð að auglýsa

rúmlega tíu söngvara, tvo kóra, stórhljómsveit og dansara. Á bak við útsendinguna er líklega stórt lið af tæknimönnum og öðrum. Líklega eru þarna fleiri tugir að fara að koma saman og enginn getur sannfært Svarthöfða um annað en að þessi hópur sé líka að hittast til að æfa fyrir tónleikana. Og þetta má fyrir einhverja furðulega ástæðu? Þetta er í lagi en það er ekki í lagi fyrir tuttugu manna vinnustað að fara saman í jólahlaðborð.

Ekki efast Svarthöfði um að þetta sé allt byggt á einhverjum útreikningum, excel-skjölum, rannsóknum og krúsíðullum.

Fyrir þá sem komu ekki að því að búa þessar reglur til geta þær virkað nokkuð ósanngjarnar milli hópa. Sund opið en ekki ræktin, rök-





stuðningurinn er fleiri smit sem hafa greinst á líkamsræktarstöðvum. Samt er ekki tekið tillit til þess að samamburðurinn er ósanngjarn í því ljósi að mun fleiri sækja líkamsræktarstöðina svo smitin eru líklega ekki fleiri hlutfallslega miðað við höfðatölu.

Þegar reglur eru flóknar og illskiljanlegar, þá geta margir einfaldir einstaklingar fengið þá flugu í hausinn að virða meg þær að vettugi.

Svarthöfði hefði frekar viljað sjá óbreyttar reglur. Ennþá harðar en einfaldari. Bönnum frekar öll jólaboð en að láta Svarthöfða þurfa að gera upp á milli móðursystkina og kunningja. Því þegar faraldurinn er búinn þá þarf Svarthöfði samt enn að lifa með þeim ákvörðunum. Og enginn er langræknari en svikin frænka. ■



# Pottpéttar bækur



## SKRUDDA

Hamarshöfða 1 - 110 - Reykjavík  
skrudda@skrudda.is - 5528866  
www.skrudda.is



## MEST LESIÐ

## Á DV Í VIKUNNI

**1** Talið að ölvun og talsmáti Jóns Þórs kosti hann starfið – Niðrandi ummæli féllu fyrir framan alla Jón Þór Hauksson, þjálfari kvennalandsliðsins í knattspyrnu, lét niðrandi ummæli falla um leikmenn er hann var undir áhrifum áfengis.

**2** Kristján ákærður fyrir að hótta lögreglumönnum – Hlaut dóm fyrir fíkniefni, vopnaburði og árás í fyrra Kristján Einar Sigurbjörnsson var ákærður fyrir að hótta lögreglumanni lífláti. Málið er nú fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**3** Stelpurnar hafa lengi viljað losna við Jón Þór úr starfi Sá orðrómur hefur gengið að leikmenn A-landsliðs kvenna hafi lengi viljað losna við Jón Þór Hauksson sem þjálfara.

**4** Ótrúleg ástarsaga, 8 börn og fallett líf í Grímsnesi Guðrún Helga Jóhannsdóttir og Yakhya Diop lífa mínimalísku lífi í Grímsnesinu.

**5** Elísabet lýtalæknir lenti í lögreglunni á Keflavíkurflugvelli – Var rekin fyrir rúnum mánuði af Landspítala Elísabet Guðmundsdóttir kom til landsins og fór hvorki í skimun né sóttkví. Lögregla var kölluð til á vellinum þegar Elísabet lét í ljós ætlun sína að fara ekki eftir sóttvarnareglum.

**6** Valtýr Björn um ábyrgð Borghildar í máli Jóns Þórs: „Sorrí, þetta er búið... Bless“ Valtýr Björn Valtýsson útvarpsmaður telur Borghildi Sigurðardóttur, varaformann KSÍ, einnig bera ábyrgð á máli Jón Þórs Haukssonar.

**7** Daði Freyr fór í klippingu – Sjáðu fyrir og eftir myndirnar Tónlistarmaðurinn Daði Freyr Pétursson lét klippa hárið sem var orðið töluvert sítt.

**8** Gestum trúarhátíðar brá í brún þegar þeir horfðu upp Par í ástaratlotum á hóteli í Taívan gleymdi að draga gluggatjöldin fyrir, gestir trúarhátíðar gátu því séð allt sem fram fór á milli þeirra.

## Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



## Jón Þór lætur af störfum

Jón Þór Hauksson, þjálfari A-landsliðs kvenna í knattspyrnu, hefur sagt starfi sínu lausu. Uppsögnin kemur í kjölfar upptöku sem varð í fagnaði liðsins í Búdapest í Ungverjalandi eftir að liðið hafði tryggt sér sæti í lokakeppni EM 2022. Jón mun hafa farið yfir strikið gagnvart nokkrum leikmönnum og látið óviðeigandi ummæli falla undir áhrifum áfengis.

## Ríkið áfrýjar í uppgreiðslugjaldsmáli

Íslenska ríkið ætlar að áfrýja niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um að uppgreiðslugjald Íbúðalánasjóðs á árunum 2005-2013 hafi verið ólöglegt. Í niðurstöðunni fólst að lánasjóðnum var óheimilt að krefja lánþega um uppgreiðslugjald þegar lán voru greidd upp á þessu tímabili. Töluverðir fjármunir eru undir í þessu máli enda mikill fjöldi lána sem tekinn var á þessum tímabili. Ríkisstjórnin freistar þess nú að fá málið tekið upp beint hjá Hæstarétti og sleppa millidómsstiginu, Landsrétti.

## Breyttar sóttvarnaaðgerðir

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti í vikunni nýjar sóttvarnareglur. Hægt var að opna sundlaugar fyrir gestum að nýju í gær og veitingastöðum var heimilt að taka á móti 15 einstaklingum og hafa opið til 22. Verslunum verður heimilt að hleypa inn fimm manneskjum fyrir hverja tíu fermetra af húsnæði, mest 100 í einu. Áfram er þó almennt 10 manna samkomutakmörkun og fólk er hvatt til að velja fjölskyldumeðlimi og vini sem verði hægt að hitta yfir hátíðarnar. Teljast þá þeir aðilar innan jólakúlu einstaklings.



## Elísabet Guðmundsdóttir

Elísabet Guðmundsdóttir, lýtalæknir og aktivisti gegn sóttvarnaaðgerðum, kom til landsins síðustu helgi og neitaði að fara í sýnatöku eða sóttkví. Var hún mætti skömmu eftir heimkomu á mótmæli og því ljóst að hún braut gegn sóttvarnareglum. Til umræðu hefur komið hvort Elísabet sé með læknaeyfi eða ekki. Rögnvaldur Ólafsson, aðstoðaryfirlög-regluþjónn hjá ríkislögreglustjóra, staðfesti að svo væri ekki, en Elísabet ætlar að stefna ríkislögreglustjóra fyrir staðfestinguna sem og stefna þeim sem hafa látið hörð orð um hana falla í athugasemdakerfum.

## Zúistabæður ákærðir

Bræðurnir Ágúst Árnar Ágústsson og Einar Ágústsson hafa verið ákærðir fyrir fjársvik og peningabætti í tengslum við starfsemi félagsins Zuism trúfélag. Eru þeir taldir hafa svikið úr ríkissjóði um 85 milljónir sem greiddar voru til þeirra í formi sóknargjalda. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bræðurnir hafa vakið athygli. En þeir voru áður þekktir sem Kickstarter-bræður eftir að þeir stóðu fyrir söfnunum í gegnum söfnunarsíðuna Kickstarter en þeir voru báðir rannsakaðir af sérstökum saksóknara fyrir þá starfsemi og var Einar dæmdur í fangelsi fyrir að hafa svikið tugi milljóna af einstaklingum.

## 92 prósent ætla í bólusetningu

Mikill meirihluti Íslendinga er jákvæður gagnvart bólusetningu við COVID-19, en samkvæmt könnun Maskínu ætlar 61 prósent svarenda örugglega að láta bólusetja sig og 31 prósent ætlar líklega. Vonir standa til að bólusetningar hefjist hér á landi snemma á næsta ári.



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

SYSTEMS  
**1**one®  
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is





# FRAMÚRSKARANDI KONUR ÚR ÍSLANDSSÖGUNNI


Í Íslandsdætrum er sögð  
saga íslenskra kvenna,  
allt frá landnámi til dagsins í dag.  
Kvenskörungur, brautryðjendur, landkönnuðir,  
listakonur, íþróttakonur og vísindakonur  
sem ruddu brautina.

„Ég myndi segja að þessi bók væri skyldueign.  
Mjög falleg og þörf.“

Eva Laufey Kjaraan Hermannsdóttir, Bylgjan

„Óhemjuvel og fallega framsett. Fyrir okkur öll,  
og okkur sem eigum dætur, þetta er bók sem  
við eigum að kaupa og lesa.“

Snæbjörn Ragnarsson, hlaðvarpsstöðin Hljóðkirkjan



 **SALKA**  
www.salka.is





Heimir  
Hannesson  
heimir@dv.is



Í 34. gr. almennra hegningarlaga segir berum orðum: „Í fangelsi má dæma menn ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár.“ Orðið „eða“ spilar þarna lykilhlutverk.

Þannig er refsiramminn í raun tvískiptur. Fyrst er það breiði glugginn á milli 30 daga og 16 ára sem dómáráð hafa að vinna úr, og svo ævilangt.

*Hver sá sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.*

Hæstiréttur hefur aldrei nýtt sér seinni gluggann, ævilangt fangelsi, þótt þeir hafi reyndar verið dæmdir til ævilangrar fangelsisvistar í héraðsdómi, en báðir dómáráð voru mildaðir í Hæstarétti. Þó hefur Hæstiréttur komist ansi langt með að fullnýta sér refsirammann í grófustu ofbeldisbrotunum, þar á meðal kynferðisbrotum, og fíkniefnabrotum, sér í lagi þeim málum þar sem framleiðsla fíkniefna þykir sönnuð.



Sakborningur leiddur inn í Héraðsdóm Reykjavíkur. Héraðsdómur hefur þrívægis dæmt mann í ævilangt fangelsi. Hæstiréttur mildaði alla þrjá dómána. MYND/EYÞÓR

# ÞYNGSTU DÓMAR ÍSLANDSSÖGUNNAR

Sá algengi misskilningur virðist lifa góðu lífi hér á landi að lengsti fangelsisdómur sem hægt er að dæma einstakling í sé 16 ár og að „lífstíðarfangelsi“ sé þannig 16 ára fangelsi. Þetta er alrangt en þó hefur enginn hérlandis verið dæmdur í lífstíðarfangelsi í Hæstarétti.

## MORÐMÁL OG OFBELDISBROT

Í 211. gr. almennra hegningarlaga segir: „Hver sá sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.“ Refsiramminn er því milli 5 og 16 ár, eða ævilangt. Hæstiréttur hefur ítrekað farið upp fyrir þennan glugga, og þá stuðst við svokallaðar refsihækkunarheimildir og eru þess meira að segja dæmi í nýlegum málum.

### Thomas Møller Olsen

Þann 15. janúar 2017 sendi lögreglan á höfuðborgarsvæðinu frá sér svohljóðandi tilkynningu: „Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar að Birnu Brjánsdóttur. Birna er fædd 1996, hún er 170 cm há, um það bil 70 kílógrömm, með sítt, ljósrautt hár. Birna var klædd í svartar gallabuxur, gráa peysu, svartan flísjakka með hettu og svarta Dr. Martin skó [...]“ Næstu daga var leitað að Birnu víða og leiddi leitinn björgunaraðila loks á spor rauðrar Kia Rio-bifreiðar. Bifreiðin hafði verið tekin á leigu af tveim grænenskum sjómönnum á togar-



anum Polar Nanoq sem var í höfn í Hafnarfirði.

Þegar grunur tók að beinast að sjómönnum var skipið komið út fyrir landhelgi Íslands. Þyrla Landhelgisgæslunnar flaug þá með sersveitarmenn til móts við skipið sem snúið hafði verið við og sigldi í átt til Íslands aftur.

Sersveitarmennirnir fóru um borð í skipið og handtóku mennina tvo. Þeirra á meðal var Thomas Møller Olsen. Við rannsóknina fundu tollverðir 20 kíló af hassi sem mennirnir voru þá um leið grunaðir um að smygla. Þyrla Landhelgisgæslunnar fann svo nokkrum dögum síðar lík Birnu við Sel-

vogsvita skammt vestan við Þorlákshöfn.

Thomas Olsen var að lokum ákærður fyrir smygl og að hafa orðið Birnu að bana og komið líki hennar fyrir í Ölfusá. Héraðsdómur dæmdi Thomas til 19 ára fangelsisvistar fyrir morðið og smyglið á hassinu. Landsréttur stað-

Thomas Møller Olsen leiddur inn í dómssal í héraðsdómi. Thomas hlaut 19 ára fangelsisdóm fyrir morðið á Birnu Brjánsdóttur og smygl á 20 kílóum af hassi. MYND/EYÞÓR

festi dóminn og Hæstiréttur hafnaði ósk um áfrýjunarleyfi.

### Héraðsdómur þrisvar dæmt í ævilangt fangelsi

Sem fyrr sagði hafa þeir verið dæmdir í ævilangt fangelsi af héraðsdómstólum landsins en Hæstiréttur mildaði þá alla. Árið 1980 voru þeir Sævar Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson dæmdir í ævilangt fangelsi fyrir samtíning af „smáglæpum“ auk þess sem þeir voru sagðir hafa átt þátt í hvarfi Guðmundar Einarssonar. Voru þeir ákærðir fyrir að hafa ráðist á Guðmund, misþyrmt honum og stungið með hníf svo bani hlaust af og komið svo líki hans fyrir á óþekktum stað. Þá voru þeir jafnframt dæmdir fyrir ýmiss konar þjófnaðarbrot, ávísanafalsanir, fíkniefnalagabrot og innbrot. Þá voru þeir Sævar og Kristján ákærðir fyrir að hafa ráðist á Geirfinn Einarsson, grafið hann, hella bensíni yfir líkið og brennt.



# VARMA POP UP

MARGRETHE ODGAARD  
VÍK PRJÓNSDÓTTIR  
HULLUPULLUR  
MAGNEA  
VARMA  
UELI  
AD

ÍSLENSK  
FRAMLEIÐSLA

ÍSLENSK  
HÖNNUN

Mán.- fös. 12-18  
Lau. - sun. 12-17

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 4

@varma\_iceland





Hæstiréttur mildaði síðar dómana yfir þeim tveimur og leit meðal annars til þess að þeir voru aðeins 17 ára er þeir áttu að hafa banað mönnum tveimur. Kristján Viðar fékk í Hæstarétti 16 ár og Sævar 17.

Nú liggur auðvitað fyrir að mennirnir voru saklausir hvað morðákærurnar varðaði og ásakanir á hendur þeim uppspunni frá rötum.

Þriðji maðurinn til þess að

hljóta ævilangt fangelsi er Þórður Jóhann Eyþórsson. Ævilangi fangelsisdómurinn yfir honum féll þann 22. október 1993. Var hann þar dæmdur fyrir að hafa orðið Ragnar Ólafssyni að bana við Snorrabraut. Áður hafði Þórður hlotið dóm fyrir morð árið 1983, og var á skilorði er hann myrti Ragnar. Hæstiréttur mildaði síðar dóminn yfir Þórði í 20 ára fangelsi.

### Níu ár fyrir barnanið

Einn þyngsti dómur sem fallið hefur fyrir kynferðisbrot gegn börnum féll á þessu ári. Var þar Þorsteinn Halldórsson dæmdur í tveimur aðskildum málum fyrir kynferðisbrot gegn ungum piltum. Árið 2018 hlaut Þorsteinn fyrst sjö ára fangelsi fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn 18 ára pilti sem hann hafði borið fíkniefni í með þeim afleiðingum að

*Einn þyngsti dómur sem fallið hefur fyrir kynferðisbrot gegn börnum féll í ár.*

hann var nánast meðvitundarlaus í um viku. Brotin gegn piltinum hófust þegar hann var 15 ára gamall og stóðu í rúm tvö ár. Landsréttur mildaði fangelsið í fimm og hálf ár skömmu áður en Þorsteinn hlaut svo annan dóminn í héraðsdómi. Þar dæmdi héraðsdómur Þorstein til að sæta þriggja og hálf árs refsiauka vegna um 50 kynferðisbrota gegn 14 ára gömlum pilti.

## FÍKNIEFNAMÁL



Sakborningar í Pólstjörnumálinu í héraðsdómi ásamt lögmanni sínum.

MYND/EYÞÓR

Refsiramminn vegna fíkniefnabrota er á bilinu 30 dagar til 12 ára. Héraðsdómur hefur aðeins einu sinni fullnýtt þann ramma en sá dómur var þó mildaður í Hæstarétti.

### 67.485 E-töflur

Árið 2002 var austurrískur maður að nafni Kurt Fellner staddur á Keflavíkurflugvelli á leið sinni frá Amsterdam til New York. Við gegnumlýsingu á farangri Kurts blasti við tollvörðum óvenjuleg sýn, rúmar 67 þúsund E-töflur sem Kurt ætlaði sér að smygla til Bandaríkjanna. Kurt var handtekinn hér og ákærður fyrir smyglið og hlaut fyrir vikið 12 ára fangelsisdóm. Refsiramminn sem hafði aðeins nokkrum mánuðum áður verið hækkaður úr 10 í 12 ár vegna fíkniefnabrota var þar með fullnýttur. Hæstiréttur mildaði reyndar dóminn yfir Kurt um þrjú ár.

Skömmu áður hafði Tryggvi Rúnar Guðjónsson hlotið ellefu ára fangelsisdóm í héraðsdómi sem Hæstiréttur mildaði síðar í 10 ár. Tryggvi Rúnar var gripinn með um 17 þúsund E-töflur, 200 grömm af kókaíni og 8 kíló af hassi. Með broti sínu braut Tryggvi jafnframt gegn skilorði sem hann var á vegna fyrri dóms.

### Tíu ár enn metið

Síðan þá hefur Hæstiréttur reyndar jafnað það met nokkrum sinnum. Jónas Ingi Ragnarsson fékk 10 ára



Skútan Sirtaki í haldi varðsks Landhelgisgæslunnar eftir æsilega eftirför við Papey á Austurlandi.

MYND/PJETUR

fangelsisdóm fyrir spíttverksmiðju í Hafnarfirði 2008 og þeir Pétur Rabe og Rúnar Þór Róbertsson fengu sín 10 árin hvor í héraðsdómi vegna Papeyjarmálsins svokallaða þegar varðskip og þyrla Landhelgisgæslunnar eltu skútu sem þeir höfðu siglt til landsins með rúmum 100 kíló af fíkniefnum í nágrenni við Papey árið 2009. Árni Hrafn Ásbjörnsson hlaut í því máli níu ára fangelsi og aðrir fengu vægari dóma.

Hæstiréttur staðfesti síðar alla þessa dóma.


Árið 2007 gerðu þeir Einar Jökull Einarsson, Alvar Óskarsson, Guðbjarni Traustason og Marinó Einar Árnason svo tilraun til þess að smygla rúmum 40 kílóum af fíkniefnum auk 1.700 E-taflna til landsins í Pólstjörnumálinu svokallaða. Einar Jökull hlaut níu og hálf ára fangelsisdóm, Alvar sjö og

hálf ár, Guðbjarni sjö ár og Marinó fimm.

Stærsta fíkniefnamál í kílóum talið sem upp hefur komið er líkast til mál Þorsteins Kragh og Jacob van Hinte árið 2008. Voru þeir gripnir með 152 kíló af kannabisefnum og 1,3 kíló af kókaíni í húsbíl sem þeir óku til landsins með Norrænu. Hlaut Þorsteinn níu ára fangelsisdóm og Jacob sjö og hálf ár.

Þá má nefna „Stóra fíkniefnamálið“ árið 2000, sem er ef til vill ekki lengur svo stórt ef borið saman við seinni mál. Voru í því máli 19 einstaklingar ákærðir og hlutu 15 manns dóm. Þyngstu dómarnir fengu þeir Sverrir Þór Gunnarsson og Ólafur Ágúst Ægisson. Hlaut Ólafur níu ár og Sverrir sjö og hálf. Þótti þar sannað að þeir hefðu flutt inn tugi kílóa af fíkniefnum um nokkurt skeið.

## HVÍTFLIBBAGLÆPIR



Ólafur Ólafsson, sakborningur í Al-Thani málinu, gengur út úr húsnáttum Héraðsdóms Reykjavíkur ásamt lögmonnum. MYND/VILHELM

Dómar vegna svokallaðra hvítflibbaglæpa stökkbreyttust í kjölfar hrunsins. Fram að því voru þyngstu dómur frekar mældir í mánuðum en árum.

### Al-Thani málið

Þyngstu dómur Íslands sögunnar í þessum flokki eru vegna Al-Thani málsins svokallaða árið 2015. Voru þar fjórir stjórnendur Kaupþings banka sakfelldir eftir að þeir lánuðu sjeiknum Múhamed Al Thani fyrir 5% hlut í Kaupþingi árið 2008 sem hann notaði svo til þess að kaupa hlutabréf í bankanum. Með gjörningnum voru þeir sagðir hafa ætlað sér að hafa áhrif á verðmyndun hlutabréfa í bankanum á markaði. Voru Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, Sigurður

Einarsson stjórnarformaður, Ólafur Ólafsson, einn aðaleigandi, og Magnús Guðmundsson, forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, ákærðir fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun.

Hreiðar Már fékk fimm og hálf ár í Hæstarétti, Sigurður fékk fjögur ár, og þeir Ólafur og Magnús fengu sinn fjögurra og hálf árs fangelsisdóminn hvor. Fleiri voru ákærðir og sakfelldir, en þeim var ýmist ekki gerð refsing eða hún skilorðsbundin. Magnús hlaut síðar 18 mánaða fangelsisdóm í Marple-málinu svokallaða, og var þar sérstaklega tekið fram að þar með væri Magnús samtals dæmdur í sex ára fangelsi og refsiramminn vegna brota hans þar með fullnýttur og því ekki hægt að dæma hann til þyngri refsingar. ■



# Dýrmætar minningar og fallegar sögur




„... þerluband  
fallegra minninga.“

„Sólveig spinnur einkar fallega, í vel meitluðum,  
glettnum og viðfelldnum texta.“

SBS, Morgunblaðinu

„Afskaplega hlýleg og  
skemmtileg bók.“

Egill Helgason, Kiljunn



 **SALKA**  
[www.salka.is](http://www.salka.is)



# Þjálfaði bardaga- hana sem barn

Lilja segir  
metnaðar-  
fullar hænur  
gjarnan  
berjast fyrir  
sínu.

MYND/ERNIR

Lilja Sigurðardóttir var að senda frá sér sína áttundu glæpasögu. Hún segir pabba sinn hafa kynnt heimsbókmenntirnar fyrir henni en mömmu glæpasögurnar. Lilja og konan hennar hafa bráðum verið saman í þrjátíu ár. Þær halda hressar hænur að heimili sínu við Elliðavatn.

Erla  
Hlynsdóttir  
erlahlyns@dv.is



Mitt privatlíf er ósköp notalegt. Ég bý við Elliðavatn þar sem við Magga Pála, konan mín, vorum svo heppnar að finna fallegt gamalt hús með stóru landi og við höfum verið að dúlla okkur við að gera húsið og garðinn upp. Í vor, þegar það stefndi í að við yrðum svona mikið heima, þá fékk ég mér hænur. Það er nýjasta áhugamálið,“ segir Lilja Sigurðardóttir hlæjandi. Konan hennar er Margrét Pála Ólafsdóttir, höfundur Hjalla-stefnunnar, og hafa þær komið sér vel fyrir í hlýlegu húsi við vatnið.

Lilja segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á hænnum, allt frá því hún þjálfaði bardagahana sem barn. Ævintýragjarnir foreldrar hennar

bjuggu með börnin fjögur um víða veröld og það var í litlu þorpi í Mexíkó sem hún kynntist hanaati. „Þegar ég var barn fór ég fyrir skóla og hljóp með bardagahana fyrir mann sem var fatlaður og gat því ekki sjálfur hlaupið með hanana sína. Þetta var fyrsta vinnan mín og ég fékk borgað fyrir að þjálf þessa bardagahana. Mér fannst hanaatið spennandi þegar ég var krakki en ég held að ég gæti ekki horft á það núna,“ segir hún.

Lilja heldur aðeins hænur – engan hana – og þær geta verið býsna ákveðnar. „Ef það er enginn hani þá verður bara ein hænan yfirhæna. Það er ströng goggunarröð og skýrt hver er foringinn. Hinar verða bara að hlýða. Yfirhænan þarf ekki að gogga í aðrar hænur því hún er með tvær bestu vinkonur sínar með sér sem sjá um að gogga í aðrar hænur. Yfirhænan byrjar líka að éta, síðan þær

sem eru henni næstar og þær sem eru síðastar í goggunarröðinni fá afgangana. Þetta er kannski ekki svo ólíkt mannlegu samfélagi þó goggunarröðin sé öllu bókstaflegri hjá hænunum og þær eru ekkert að spara fantaskapinn er einhver hænan reynir að teygja sig of langt. Öðru hvoru getur komið inn í hænuhóp ný og metnaðarfull hæna sem vill vinna sig upp metorðastigann. Hún þarf þá að berjast fyrir sínu og þá verða átök og spenna um tíma. Þetta veltur líka hreinlega á persónuleika þeirra en ekki bara hvenær þær koma inn í hópinn. Mér finnst hænurnar vera afskaplega skemmtileg dýr og ég hef gaman af þeim. Þær borga svo leiguna með því að gefa okkur egg,“ segir hún hæstánægð.

#### Ævintýragjarnir foreldrar

Foreldrar Lilju eru Sigurður Hjartarson og Jóna Kristín Sigurðardóttir sem ólust upp

á Akureyri. Lilja er fædd árið 1972 á Akranesi og er yngst fjögurra systkina. Hún var aðeins fimm ára þegar hún flutti þaðan með fjölskyldunni og lagðist í heimshornaflakk. Þau bjuggu í Svíþjóð, Mexíkó og á Spáni auk þess að ferðast um fleiri lönd, en komu alltaf reglulega til Íslands.

„Mamma og pabbi voru hálfgerðir hippar og víluðu ekkert fyrir sér að pakka bara öllu niður í ferðatöskuna og flytja milli landa. Pabbi stundaði rannsóknir á fornum handritum, hann var sérfróður í landafundum Kristófers Kólumbusar og við fluttum gjarnan á staði þar sem hann var að rannsaka einhver handrit. Auðvitað var þetta líka ævintýragirni í þeim,“ segir Lilja en faðir hennar var einnig vinsæll sögu- og spænskukennari auk þess sem hann stofnaði Hið íslenska redasafn þegar hann var kominn á eftirlaun.

#### GLÆPASÖGUR EFTIR LILJU

Fyrirgefning	2010
Gildran	2015
Netið	2016
Búrið	2017
Svik	2018
Helköld sól	2019
Blóðrauður sjór	2020

#### Miklir heimshornaflakkarar

Vegna mikilla flutninga á Lilja oft í vandræðum með að útskýra hvar hún ólst upp. „Ég tilheyri engri grúppu gamalla skólafélaga eða einhverjum sérstökum árgangi í neinum skóla. Þegar ég var yngri öfundaði ég stundum krakka sem voru alltaf í sama skóla og bjuggu alltaf í sama húsinu, þar sem jafnvel var merkt við á hurðarkarmi eftir því sem þau urðu hærri í loftinu. Ég fékk ekki þessa festu en í staðinn er ég með opnari huga fyrir heiminum





*Ef það er enginn hani þá verður bara ein hænan yfirhána.*

og þekki fólk um alla veröld. Ég get fljótt komið mér fyrir hvar sem er og liðið eins og heima hjá mér.“

Hún segir að það gæti verið skemmtilegt að skrifa um hennar ævintýrlegu æskuminningar: „Ég þyrfti bara að finna hvernig ég gæti breytt þeim í glæpasögu,“ segir hún glettin. Það er nefnilega þar sem ástríðan liggur – í skrif-

um glæpasagna.

Lilja sendi nýverið frá sér sína áttundu skáldsögu sem ber heitið Blóðrauður sjór. Við skrifin sótti hún innblástur í eitt umtalaðasta mannshvarf í sögu Noregs – hvarf Anne Elisabeth Hagen. Maðurinn hennar, Tom, hefur legið undir grun vegna hvarfsins en enginn veit enn hvað varð um Anne. „Blóðrauður sjór

byrjar á því að vel stöndugur businessmaður kemur heim þar sem allt er á rúi og stúi, eigin konan horfin og hans bíður lausnargjaldskrafa á eldhúsbordinu. Ég velti síðan upp ýmsum möguleikum, meðal annars hugmyndum sem hafa komið fram í Hagen-málinu. Það er eins og gullnáma fyrir glæpasagnahöfund þegar svona dularfull mál koma upp og maður fer að hugsa: Hvað ef?“

Í bókinni eru sömu aðalpersónur og þeirri síðustu frá Lilju, Helkaldri sól, þar sem lesendur kynntust hörkutólinu Áróru og rannsóknarlögreglu-manninum Daníel. Hugmyndin er að lesendur geti fylgt þessum persónum í tveimur, jafnvel þremur bókum til viðbótar en í hverri þeirra sé nýtt mál sem þarf að leysa og því hægt að lesa bækurnar óháð hinum. Báðar þessar bækur hafa fengið mikið lof gagnrýnenda og verður spennandi

að fylgjast með framhaldinu.

Þrífleikur Lilju – bækurnar Gildran, Netíð og Búrið – sem naut fádæma vinsælda var í raun „ein stór bók“ eins og hún kemst að orði og því nálgast hún nýju bækurnar á annan hátt. Áður en hún skrifaði þrífleikinn samdi hún við Forlagið sem hefur gagnast henni vel á alþjóðlegum vettvangi.

#### Mamma glæpasagnafíkill

Lilja segir að henni hafi alltaf þótt gaman að skrifa en hún ákvað að skrifa sína fyrstu glæpasögu þegar Bjartur/Veröld stóð fyrir samkeppni þar sem leitað var að „hinum nýja Dan Brown“ en hann skrifaði Da Vinci lykilinn og fleiri metsölubækur.

„Ég hugsaði með mér að ég gæti bara vel verið hinn nýi Dan Brown, skrifaði bók og sendi inn. Í millitíðinni kom bankahrunið og keppninni var í raun aflýst. Þrátt fyrir það ákváðu þau að gefa út tvö

handrit sem höfðu verið send inn, fyrstu bókina mína og fyrstu bókina hans Ragnars Jónassonar. Við vitum þó ekkert hvort okkar hefði verið hinn nýi Dan Brown,“ segir hún glettin.

Það var mikið lesið á heimilinu þegar Lilja var að alast upp. „Ég var kannski smá skríttin og einrænt barn. Frá því ég var lítil gerði pabbi leslista fyrir mig og þegar ég var tólf ára var ég búin að lesa allar heimsbókmenntirnar. Mamma var hins vegar glæpasagnafíkill og bækurnar sem hún stakk upp á fyrir mig voru allt öðruvísi. Ég hugsa að þaðan komi áhugi minn á glæpasögum. Það er alveg sérstök tegund af lestraránægju sem maður fær af því að lesa glæpasögur. Þar er hugarleikfimin á fullu og oft einhvers konar tilfinning fyrir réttlæti í lokin sem ég held að gefi fólk ákveðna ánægju, því í raunveruleikanum eru mála-



lyktir ekkert alltaf réttlátar. Það sem glæpasagan hefur fram yfir fagurbókmenntir er sterk atburðarás sem heldur manni hugföngnum.“

### Mýtur um sambönd gay fólks

Þrátt fyrir að vera norrænn glæpasagnahöfundur segir Lilja að hún hafi í erlendum bókdómi lesið að hún væri hreinlega ekki nógu norræn. „Nýju sögurnar mínar eru alþjóðlegar og gagnrýnandinn kallaði þær eins konar blöndu af nordic noir og suðuramerískri telenóvellu. Atburðarásin er hröð og ótrúlegir hlutir geta gerst.“

Fyrir höfunda á mínum aldri held ég að sjónvarpið sé líka sterkur áhrifavaldur. Þegar við fluttum til Bandaríkjanna og svo til Mexíkó upplifði ég í fyrsta skipti sjónvarpsdagsskrá allan sólarhringinn. Hér á Íslandi beið maður spenntur eftir eina barnatímanum sem var sýndur í vikunni en í Mexíkó voru suðuramerískar telenóvellur gríðarlega vinsælar og ég gat gleymt mér í þeim. Ég held að mín frásagnaraðferð beri þess merki og fyrir vikið er ég vonandi að bera eitthvað nýtt og öðruvísi á borð fyrir lesendur.“

Í hefðbundnu árferði væri Lilja búin að vera á þönum um heiminn að kynna bækurnar sínar. Þær koma alltaf út í sífellt fleiri löndum og segist hún þakklát fyrir þessar alþjóðlegu vinsældir. „Á síðasta ári fór ég í fjórtán kynningarferðir til útlanda sem er þó hvorki umhverfisvænt né höfundarvænt. Ég fann þegar kórónuveiran skall á að mér fannst gott að geta kjarnað mig, verið heima og andað.“

Auðvitað á maður ekki að kvarta yfir fylgifiskum þeirra forréttinda að vera rithöfundur í fullu starfi. Þetta snýst nefnilega ekki bara um að skrifa góða bók heldur þarf góð saga að koma út á réttum tíma. Ég hef samt lært af ástandinu og sé fyrir mér að ég komi til með að velja og hafna meira í framtíðinni þegar kemur að kynningarferðum.“

Á árinu hefur hún því styrkt fjölskyldutengslin og notið þess að fylgja Möggu Pálu eftir í langömmuhlutverkinu. „Það eru bráðum þrjátíu ár síðan við fórum að vera saman. Hún átti þá unglingsdóttur sem núna á alls fimm börn sem eru algjörir gullmolar. Það hefur verið mikil gæfa að hafa börn í lífi okkar og fá að fylgjast með þeim.“

Elsta dótturdóttir Möggu Pálu er síðan búin að eignast mann og saman eiga þau þriggja mánaða krútt. Þessi börn öll hafa gefið okkur mikið, ég eignaðist aldrei börn og það var eiginlega ekki í boði á þeim tíma sem við vorum ungar og hefðum treyst okkur í barneignir.“

Lilja segir nánast ótrúlegt að þær Magga Pála séu búnar að vera saman svona lengi. „Þegar ég var ung var það alþekkt staðreynd að gay fólk



Lilja flutti oft milli heimshorna sem barn.

MYND/ERNIR

*Kynhneigð er hins vegar ekki aðalatriðið í bókunum. Þetta eru glæpasögur sem fjalla um kókaínsmygl og efnahagsbrot.*

myndi ekki endast neitt í samböndum og við bjuggumst því ekki við þessu.“

### Fimmtán ára aldursmunur

Hún var nítján ára þegar þær byrjuðu saman en Magga Pála 34 ára. Lilja hafði þó haft augastað á henni mun lengur. „Það er eiginlega smá vandræðalegt að segja frá því hvernig við kynntumst. Ég sá hana nefnilega fyrst í vinnunni hjá mömmu. Þær unnu í sömu byggingu og voru saman í kaffitímum. Ég var að heimsækja mömmu þegar ég sá Möggu Pálu fyrst. Ég var kornung en hún fullorðin kona

enda fimmtán árum eldri en ég. Mér fannst hún strax rosalega spennandi, sérstaklega eftir að mamma sagði mér að hún væri lesbía. Ég fylgdist með henni úr fjarlægð og það var ekki fyrr en mörgum árum seinna sem við hittumst á skemmtistað og fórum í framhaldinu að vera saman.“

*Vissirðu þegar þú sást hana fyrst að þú værir lesbía?*

„Ég vissi að ég var eitthvað öðruvísi. Það tók mig smá tíma að átta mig á þessu. Ég kom samt frekar ung úr felum, ef svo má að orði komast. Þegar við kynntumst fannst henni ég allt of ung fyrir sig og það

gekk svolítið erfiðlega fyrir mig að sannfæra hana um að ég væri sú eina rétta. En það hafðist á endanum,“ segir Lilja brosandí.

Hún segir foreldra sína hafa tekið því merkilega vel að hún væri lesbía og byrjuð með sér eldri konu. „Ég held að þau hafi fyrst og fremst haft áhyggjur, og ég skil það eftir á að hyggja. Samfélagsmæðan vann á móti okkur, sem og þetta algjöra réttindaleysi.“

Ég held að flestir foreldrar á þessum tíma hafi bara haft áhyggjur af því að barnið þeirra gæti ekki orðið hamingjusamt og að lífið yrði of

boðslega erfitt. Auðvitað var það kannski erfiðara en hjá mörgum en líf allra er erfitt á einhvern hátt. Síðan kynntust þau Möggu Pálu, sáu hvað hún er frábær og urðu glöð fyrir mína hönd að eiga hamingju-rikt einkalíf.“

### Óvænt þakklæti

Í þrileiknum Gildran, Netið og Búrið eru aðalpersónurnar lesbíur en Lilja segir það ekki hafa verið sérstaklega planað. „Ég vildi bara skrifa skemmtilega bók sem mér myndi finnast gaman að lesa. Fyrsta bókin varð svakalega vinsæl, ekki bara hjá gay fólki heldur öllum hópum fólks.“

Þegar bókmenntafræðingar úr háskólanum fóru að hafa samband við mig áttaði ég mig á því hversu fáar sögur fjalla um veruleika hinsegin fólks. Það kom mér í raun á óvart þegar fólk fór að færa mér þakkir, gay fólk sem var þakklátt fyrir að fá þarna sögupersónur sem það tengdi við og líka gagnkynhneigt fólk sem var þakklátt fyrir þessa innsýn í heim hinsegin fólks.

Kynhneigð er hins vegar ekki aðalatriðið í bókunum. Þetta eru glæpasögur sem fjalla um kókaínsmygl og efnahagsbrot.

Jónína Leósdóttir hefur líka skrifað á þennan hátt í unglingsbókunum sínum, þar sem einhverjar persónur eru hinsegin en það er ekki viðfangsefni sögunnar. Heimurinn er alls konar og þar er alls konar fólk.“

Þá bendir Lilja á að hún hafi ekki áttað sig fyllilega á því fyrr en hún var búin að skrifa Helkalda sól að þar var engin lykilpersóna hinsegin. „Enda var það ekkert markmið í sjálfu sér. Í nýju bókinni leikur hún þó stærra hlutverk,“ segir hún.

### Eins og að borða fíl

Nýju bækurnar eru svokallaðir þrillerar líkt og þrileikurinn enda fann Lilja að þar var hún komin á sína réttu hillu. „Eftir að Gildran kom út hefur bara verið brjáláð að gera hjá mér sem rithöfundu. Það er ekki sjálfgefið að geta verið rithöfundur í fullu starfi á Íslandi en það kemur að stórum hluta til út af erlendum samningum.“

Þá hefur Lilja einnig fengið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Árið 2018 hlaut Gildran til dæmis tilnefningu til Gullna rýtingsins, virtra verðlauna samtaka breskra glæpasagnahöfunda, og fyrir sögurnar Búrið og Svik hlaut Lilja íslensku glæpasagna-verðlaunin Blóðdropann og tilnefningu til norræna Glerlykilsins tvö ár í röð.

Óg hún hvetur áhugasama skúffuhöfunda einfaldlega til að láta vaða. „Að skrifa fyrstu bókina er eins og að borða fíl. Þú tekur bara einn bita í einu. Fyrstu bókina mína skrifaði ég í hádegishléinu í vinnunni og það tók mig átta mánuði. Ég fékk mér samloku og skrifaði, en eftir þessa átta mánuði var komin bók. Þá varð ekki aftur snúið.“ ■





Ég fer á fjöll!



Ferðafélag Íslands  
[www.fi.is](http://www.fi.is)



Dorbjörg  
Marínósdóttir  
tobba@dv.is



Brandon Richmond var aðeins 12 ára gamall þegar ódæðisverkið var framið þann 14. mars 2007 í London í Bretlandi. Brandon var í hópi drengja er réðust á hinn 16 ára gamla Kodojo Yenga með fyrrgreindum afleiðingum. Verkaðurinn hefur verið talinn innvígsluathöfn í götuklíku en drengirnir, sem voru á aldrinum 12-16 ára, voru allir meðlimir í glæpaklíku þrátt fyrir að vera barnungir og íklæddir skólabúningum.

#### Missti trúna

Kristján og móðir drengsins kynntust í Bretlandi þar sem þau bjuggu saman um tíma. Brandon er yngri sonur þeirra en saman eiga þau einnig dreng sem er sex árum eldri. Í viðtali við DV árið 2016 lýsti Kristján aðdraganda glæpsins sem svipti son hans æskunni.

Haustið áður kvaddi Kristján Jóhann son sinn eftir að hann hafði dvalist í tvær vikur hjá honum á Íslandi með þeim orðum að ef hann tæki sig ekki á þá biði hans útsýni í gegnum rimla. Rúmu hálfu ári síðar fékk hann bréf með þeim fregnum að 12 ára sonur hans sæti í einangrun í fangelsi, grunaður um að hafa stungið unglingspilt í hjartað. „Sama hvað börnin manns gera þá snýr maður aldrei baki við þeim,“ sagði Kristján við blaðmann DV fyrir fjórum árum.

Hann segir atvikið hafa litað líf sitt dökkum litum. „Þegar dómurinn var lesinn upp hélt ég fyrst að þetta hefði verið einhver mislestur. Ég missti trúna á mannkynið í smá tíma. Þó svo að ég hafi alltaf sagt að hann eigi að taka út sína refsingu þá var þetta ekki nokkur glóra. Ég var niðurbrotinn, og ekki var mikill skilningur í kringum mann.“

Brandon hefur setið í fangelsi í 15 ár en hann hlaut lífstíðardóm með möguleika á reynslulausn eftir 15 ár. Brandon er í dag 26 ára gamall. „Þetta er góður drengur,“ segir Kristján um son sinn. „Hann losnaði fyrir tveimur mánuðum og er á reynslulausn því hann hefur staðið sig vel. Það dróst reyndar aðeins vegna COVID. Hann er enn að bíða eftir niðurstöðu um hvort hann megi ferðast því hann er á skilorði og verður á því næstu ár,“ segir Kristján sem vonast til þess að sjá drenginn sinn sem fyrst.

#### Ljósíð í myrkrinu

Kristján segir að það jákvæða í þessu hörmulega máli sé að sonur hans hafi verið fjarlægður úr þessum aðstæðum sem skapast höfðu í kringum hann með gengjamenningu og fíkniefnum. Hann sé lifandi sönnun þess að betrun getur átt sér stað í fangelsi. „Mér



Kristján segist hlakka til þess að hitta Brandon son sinn.

MYND/ÞSEND

# 14 ÁRA SONUR KRISTJÁNS FÉKK LÍFSTÍÐARDÓM

Sonur Kristjáns Jóhanns Matthíassonar, Brandon, var einungis 12 ára gamall þegar hann ásamt hópi ungra drengja stakk og myrti unglingsdreg. DV hefur fylgst með þróun málsins frá árinu 2016 en Brandon fékk reynslulausn fyrir tveimur mánuðum.

“Ég er búinn að vera skít-hræddur því tölfraedin er á móti honum. En ég hef fulla trú á honum. Þetta er undraverður drengur og hann stefnir á háskóla.

Kristjáns, svo sem pípulagnir, einkapjálfun, nudd og næringarfræði. „Hann hefur mikinn áhuga á líkamsrækt og heilsu. Reykir ekki og drekkur ekki einu sinni kaffi,“ segir Kristján.

Þegar sonur hans heimsótti hann síðast til Íslands, þá 11 ára gamall, var hann kominn í mikla kannabisneyslu en hefur að sögn Kristjáns algjörlega snúið við blaðinu. „Ég er búinn að vera skít-hræddur því tölfraedin er á móti honum. En ég hef fulla trú á honum. Þetta er undraverður drengur og hann stefnir á háskóla.“

#### Langþráð heimsókn

Kristján sá Brandon síðast fyrir þremur árum. „Ég og tvö yngstu systkyni hans heimsóttum hann. Það var kodak-móment. Það voru tár og allt. Við yngsti sonur minn fórum svo að heimsækja hann á síðasta ári. Mættum í fangelsið og biðum og biðum en þá hafði gleymst að láta hann vita að við værum að koma og hann var í dagsleyfi,“ segir Kristján sem vonast til að hitta son sinn sem fyrst.

„Hann vill taka upp Kristjánsson. Hann ætlar að gera það strax þegar hann má ferðast, hann þarf að fara

milli borga til að sækja um það. Ég hef verið að senda honum myndir og bækur eins og Grettis sögu. Núna er ég að fara að senda honum Sjálfstætt fólk,“ segir Kristján.

#### Ég mun styðja hann

„Þetta var ljótt mál. Dómurinn átti að vera fordæmisgefandi dómur til að taka á þessu mikla ofbeldi meðal ungs fólks. Eins og ég elskaði London þá reyni ég að forðast hana í dag. Hún er svo breytt frá því að ég kom þar fyrst 1984. Það er mikið um gengi og ofbeldi í mörgum þessara hverfa.

Ég finn til með löggunni orðið. Þetta er svakalegur heimur. Glæpaheimurinn hér er ekki betri. Ég er hræddur um að eitthvað slæmt eigi eftir að gerast hér. Undiraldan er þannig. Fólk hugsar alltaf: Þetta er ekki barnið mitt,“ segir Kristján sem er fimm barna faðir.

#### Glæpaklíkur

Breskir fjölmiðlar fjölluðu ítarlega um málið á sínum tíma og vakti það upp umræður um vaxandi gengjamenningu í Lundúnum, hækkandi glæpatíðni og neikvæð áhrif þess á ungdóm landsins. Árið

sem Kodjo Yenga var myrtur höfðu 26 ungmenni verið drepin af gengjum í London. Hnífstungur eru þar langalgengastar og eru enn.

Tölur yfir morð á ungmennum 13-19 ára hækkuðu enn árið eftir og voru 28 ungmenni myrt í Lundúnum árið 2008. Tölurnar lækkuðu næstu ár en tóku aftur að hækka svo um munar eftir 2017. Á síðasta ári voru 25 ungmenni myrt í London sem er hæsta tala látinna síðan 2008.


Paul O'Shea, skólastjóri í St. Charles Catholic Sixth Form College þar sem Kodojo Yenga stundaði nám, sagði í viðtali við The Guardian ári eftir morðið að glæpaklíkur væru stórt vandamál. Á aðeins 9 mánuðum árið 2007 voru tveir nemendur skólans myrtir af liðsmönnum glæpagengja. Í bæklingi sem skólastjórinn skrifaði og dreifði til nemenda lýsir hann ástæðunni fyrir því að ungir drengir gangi til liðs við gengi. „Þeir virðast vera harðir. Þeir virðast vera að skemmta sér vel. Enginn skiptir sér af þeim. Þegar þú ert drengur en þráir að vera maður, þá virðast klíkumédlimirnir vera menn. Ef einhver abbastráir á þig geta þeir gengið í málið.“ ■



# SKYLDUEIGN MATGÆÐINGA

„MEÐ GLÆSILEGRI MATREIÐSLUBÓKUM  
SEM KOMIÐ HAFI ÚT HÉRLENDIS.  
BÓKIN ER VEIGAMIKIÐ YFIRLITSRIT  
YFIR MATARGERÐINA Á SUMAC  
SEM ER Í SENN AÐGENGILEG  
OG LAUS VIÐ ALLA TILGERÐ.“

ÞS. MORGUNBLAÐINU



 **SALKA**  
[www.salka.is](http://www.salka.is)





# STÆRSTI ÞJÓÐGARÐUR EVRÓPU

Hálendisþjóðgarður myndi ná yfir um 30% af öllu landinu en um helmingur svæðisins er þegar friðlýstur. Umhverfissráðherra mælti fyrir frumvarpi um þjóðgarðinn í vikunni.

## Á MANNAMÁLI

Erla  
Hlynsdóttir  
erlahlyns@dv.is



Þann 8. desember síðastliðinn mælti Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfissráðherra fyrir frumvarpi um miðhálendisþjóðgarð. Í ræðu sinni á Alþingi sagði hann meðal annars: „Hálendisþjóðgarður yrði án efa stærsta framlag Íslendinga til náttúruverndar í heiminum hingað til og myndi styrkja ímynd Íslands á erlendri grundu. Þetta tækifæri skulum við ekki láta úr greipum okkar renna.“

### Ákveðið í ríkisstjórnarsáttmála

Hugmyndir um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu ná aftur á síðustu öld. Fjölmargir náttúruverndarsinnar hafa barist fyrir þessu verkefni um langan tíma og varðað leiðina af hugsjón. Í sáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis frá 30. nóvember 2017 er stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu meðal stefnumála – í fyrsta sinn í ríkisstjórnarsáttmála.

Í samræmi við það var skipuð þverpólitísk nefnd þingmanna frá öllum stjórnsmálaflokkum á Alþingi, auk fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, forsætisráðuneytisins og sveitarfélaga um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu í apríl 2018 og skilaði nefndin af sér skýrslu til umhverfissráðherra í desember 2019 þar sem finna mátti tillögur um hvernig best væri að standa að stofnun slíks þjóðgarðs.


### Hvað er Hálendisþjóðgarður?

Gert er ráð fyrir að Hálendisþjóðgarður verði sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð myndu falla úr gildi og Vatnajökulsþjóðgarður yrði hluti Hálendisþjóðgarðs auk þeirra svæða á miðhálendinu sem þegar hafa verið friðlýst á grundvelli náttúruverndarlaga og heyrja undir stjórnslu Umhverfisstofnunar.

Um helmingur svæðisins nýtur nú þegar verndar og má þar nefna Vatnajökulsþjóðgarð, Hofsjökul og Þjórsárver, Kerlingarfjöll, Landmannalaugar og Hveravelli.



Stóra Grænafjall á Fjallabaksleið syðri sem er hluti hálendis Íslands norðan Mýrdalsjökuls norður til Landmannalauga og Hrauneyja.  
MYND/VILHELM



Tillaga nefndar um mörk þjóðgarðs ásamt Vatnajökulsþjóðgarði og friðlýstum svæðum innan markanna.  
MYND/STJÓRNARRÁÐIÐ

Nái þessar hugmyndir fram að ganga verður Hálendisþjóðgarður stærsti þjóðgarður í Evrópu og með honum myndu ein stærstu óbyggðu víðerni sem finnast í Evrópu fá vernd.

### Fimm ár í vinnslu í Stjórnarráðinu

Um fimm ár eru síðan verkefnið hófst í Stjórnarráðinu, í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, með skipun nefndar um forsendur fyrir þjóðgarði á hálendinu. Í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar var talað um aukna vernd miðhálendis.

Þrátt fyrir þetta ríkir alls ekki þverpólitísk sátt um frumvarpið, og ýmsir fulltrúar samstarfsflokka Vinstri grænna í ríkisstjórn hafa gagnrýnt ýmis atriði þess. Þá hefur einnig komið fram gagnrýni frá stjórnarandstöðunni. Helstu athugasemdir felast í að samráð hafi ekki verið nægjanlegt, sér í lagi við sveitarstjórnir og þá sem búa næst fyrirhuguðum þjóðgarði.

FETAR, hagsmunasamtök fyrirtækja sem starfa við ferðaþjónustu á sérútbúnum bifreiðum, hafa kallað þjóðgarðinn pólitísk hrossakaup: „Hálendisþjóðgarður er risavaxið mál sem varðar þjóðarhag til allrar framtíðar og því ótækt að hálendið, ferðafrelsi og perlur íslenskrar náttúru verði skiptimynt í valdatafli stjórnsmálaflokka.“

Guðmundur Ingi segist hins vegar afar bjartsýnn á að frumvarpið verði að lögum. Þó má reikna með einhverjum breytingum á því í meðförum þingsins. Upphaflega stóð til að hann myndi mæla fyrir frumvarpinu á síðasta vorþingi en því var frestað, meðal annars því öll ráðuneyti ákváðu að fækka þeim þingmálum sem átti að leggja fram í vor þannig að

„Hálendisþjóðgarður yrði án efa stærsta framlag Íslendinga til náttúruverndar í heiminum.“

mál tengd heimsfaraldrinum gætu verið sett í forgang. Hluti af gagnrýni felst einmitt í að frumvarpið sé lagt fram svo seint á síðasta vetri sitjandi ríkisstjórnar.

### Flóknara skipulag

Lagt er til að stjórnskipulag Hálendisþjóðgarðs verði svipað og í Vatnajökulsþjóðgarði en vegna stærðar hans er það nokkuð flóknara en annarra þjóðgarða. Felst munurinn einkum í skiptingu þjóðgarðsins í sex rekstrarsvæði og skipan umdæmisráða en í Vatnajökulsþjóðgarði eru fjögur rekstrarsvæði og svæðisráð. Umdæmisráð gegna samkvæmt ákvæðum frumvarpsins hliðstæðu hlutverki og svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs, en lagt er þó til að ákveðin verkefni færast frá stjórn til umdæmisráðs. Auk þess mun forstjóri stofnunarinnar heyrja beint undir ráðherra en ekki stjórn.

Önnur efnisákvæði eru hins vegar að mestu leyti þau sömu fyrir Hálendisþjóðgarð og eru í gildandi lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, til dæmis um stjórnunar- og verndaráætlun, almennar meginreglur um háttsemi í þjóðgarðinum, starfsemi í þjóðgarðinum, atvinnustefnu, landnýtingu, þjónustu auk almennra reglna um eftirlit og valdheimildir vegna þess.

### Afleidd störf í héraði

Þegar Guðmundur Ingi mælti fyrir frumvarpinu minnti hann á að í gildandi fjármálaáætlun hefur þegar verið gert ráð fyrir fjármagni til uppbyggingar meginstarfsstöðva og rekstrar þjóðgarðsins.

„Slík uppbygging býr til afleidd störf, eykur þjónustu heima í héraði, laðar til sín ferðamenn sem hafa þá áhuga á að dvelja lengur á hverjum stað fyrir vikið, og nýta sér þá þjónustu sem er í boði á viðkomandi svæði. Ekki síst býður slíkt upp á tækifæri til að auka þá þjónustu og bæta nýrri við þegar ferðamaðurinn hefur fleiri ástæður til að stoppa lengur á þeim stöðum sem uppbygging á sér stað,“ sagði hann í ræðunni.

Þá benti Guðmundur Ingi á að þegar litið er til opinberra starfa og horft til Vatnajökulsþjóðgarðs sem dæmi þá voru samtals 34 ársverk fastra starfsmanna í þjóðgarðinum haustið 2020. Þar af 30 á starfssvæðum þjóðgarðsins en fjögur á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru 114 einstaklingar við sumarstörf í þjóðgarðinum síðastliðið sumar, allt störf úti á landsbyggðinni. ■



SKOÐANAPISTILL

Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón  
Bragason  
eyjan@eyjan.is



Í síðustu viku mælti Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir frumvarpi til laga um svonefnda almannaheillastarfsemi, en lagt er til að stórauka hvata til stuðnings við félög og sjálfseignarstofnanir sem vinna í þágu almannaheilla og létta sömu- leiðis skattbyrði þessara aðila.

„Þriðji geirinn“

Hugtakið almannaheill er býsna víðfemt. Hér getur verið átt við starfsemi mann- úðar- og líknarfélaga, æskulýðs- og íþróttafélaga, björgunarsveita, menningar- og listafélaga og svo mætti áfram telja. Þessi félög eru stundum kölluð „þriðji geirinn“ en það er þá starfsemi sem hvorki er hluti af hinu opinbera né einkageiranum.

Hér á landi annast frjáls félagasamtök margvísleg brýn samfélagsleg verkefni sem opinberir aðilar þyrftu ella að sinna og að líkindum gjarnan með miklu meiri tilkostnaði. Nefna má hjálparveitir skáta, flugbjörgunarsveitirnar og slysavarnardeildir. Þar vinna þrautþjálfaðar sveitir fórnfúst starf – oft við háskalegar aðstæður. En starfsemi af þessu tagi verður ekki rekin án fjárhagslegs stuðnings fólks og fyrirtækja.

Margvíslegar ívilnanir

Samkvæmt frumvarpinu verður einstaklingum heimilað að draga framlög til almannaheillastarfsemi fyrir allt að 350 þúsund krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum utan atvinnurekstrar. Þá er lagt til að atvinnurekendur geti dregið frá framlög sem nema allt að 1,5% af árstekjum frá skattskyldum tekjum sínum en hlutfallið er núna 0,75%.

Einnig er boðað að almannaheillafélög verði undanþegin greiðslu tekjuskatts og staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, auk undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts með nánar tilgreindum skilyrðum. Félög af þessu tagi verði einnig undanþegin greiðslu stimpilgjalda og fleira mætti nefna, svo sem að lögð er til undanþága frá greiðslu erfðafjárskatts af gjöfum til almannaheillasamtaka.

Samfélag virkra borgara

Víða erlendis er skattalegum hvötum beitt til að efla starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem starfa í þágu almannaheilla, en það eru þá félög sem ekki hafa fjárhagslegan tilgang og stefna að því að bæta hag almennings með einhverjum hætti. En sem dæmi má nefna að þá voru hugmyndir um stóraukið vægi almannaheilla-



Hjálparveitir vinna fórnfúst starf – oft við háskalegar aðstæður.

MYND/AUÐUNN

# BORGARARNIR VIRKJAÐIR TIL ÞJÓÐÞRIFAVERKA

Frumvarp til laga um almannaheillafélög felur í sér viðurkenningu á mikilvægi starfsemi sem stundum er nefnd „þriðji geirinn“.

starfsemi veigamikill þáttur í stefnu ríkisstjórnar Davids Cameron, forsætisráðherra Breta á árunum 2010–2016. En hann fór fram undir kosningaslagorðinu „Big Society“ eða stóru samfélagi, sem þá var hugsað sem sem andstæða „Big Government“ – færa ætti sífellt fleiri verkefni nær borgurunum sjálfum og frá ríkisvaldinu.

Markmiðið með aðgerðum stjórnar Camerons var ekki hvað síst að stefna að stóru- aukinni valddreifingu í samfélaginu. Mikilvægt væri að auka hvata almennings til sjálfboðaliðastarfs á vettvangi frjálsra félagasamtaka og stuðla þannig að samfélagi þar sem æ fleiri borgarar létu sig brýn samfélagsmálaefni varða með beinni þátttöku, í stað þess að ætíð væri treyst á hið opinbera.

Eldheitar hugsjónir

Velferðarkerfið hér á landi hefur frá fyrstu tíð verið að stórum hluta rekið af frjálsum félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum. Nefna má sjálfseignarstofnunina Grund og Sjómannadagssamtökin sem reistu Hrafnistu-

heimilin. Samband íslenskra berklastrjúklinga (SÍBS) kom á fót vinnu- og endurhæfingarsvæðinu á Reykjalandi og svo mætti lengi telja. En til að grasrótastarfsemi af þessu tagi nái að dafna þarf að varðveita þær eldheitu hugsjónir sem liggja til grundvallar og gera það að verkum að tugþúsundir manna og kvenna séu tilbúnir að vinna sjálfboðaliðastarf í þágu málefnsins. Hið opinbera má þá ekki með nokkrum hætti tálma starfseminna.

Mikilvægi frjálsra félagasamtaka

Segja má að framkomið frumvarp um skattaívilnanir til almannaheillafélaga feli í sér viðurkenningu á mikilvægu hlutverki frjálsra félagasamtaka og sjálfboðaliða í samfélaginu, en athugun starfshóps um þetta málefni leiddi í ljós að í nágrennaríkjunum væru skattalegir hvatar til starfsemi almannaheillasamtaka mun víðtækari en hér á landi. Verði frumvarpið að lögum má vænta þess að styrkari stöðum verði rennt undir margvíslega starfsemi frjálsra félagasamtaka.

Almannaheill, samtök félagasamtaka og sjálfseignarsamtaka í almannaheillastörfum, hafa fagnað frumvarpinu sem sé að þeirra áliti til mikilla bóta fyrir „þriðja geirinn“. Þau segja tillögurnar bæta verulega skattalega stöðu samtaka sem vinna að almannaheill og þar muni mestu um heimildir til handa einstaklingum til að lækka skattgreiðslur sínar með því að beina styrkjum til viðurkenndra almannaheillafélaga. Skattaleg hvatning af þessu tagi er í sumum öðrum löndum talin mikilvægust allra þeirra skattaívilnana sem þessum félögum eru búnar.

Ganga mætti lengra

Þrátt fyrir að stór skref séu stigin með þessu frumvarpi má velta því upp hvort ekki sé rétt að ganga lengra og skoða til að mynda greiðslur almannaheillasamtaka á innskatti virðisaukaskatts sem nú vega þyngra en aðrar skattgreiðslur í útgjöldum þessara samtaka, en mörg sambærileg samtök í nágrennalöndunum eru undanþegin þessum skatti.

Hér að framan var nefnt að

„En til að grasrótastarfsemi af þessu tagi nái að dafna þarf að varðveita þær eldheitu hugsjónir sem liggja til grundvallar.“

varðveita þyrfti þær eldheitu hugsjónir sem lægju þessum félögum til grundvallar – en það þarf líka að kveikja nýjar og skapa skilyrði til þess að borgararnir geti með auðveldari hætti tekið sig saman um lausn margvíslegra þjóðþrifa- mála – og að slík starfsemi fái búið við sem hagfelldast laga- umhverfi í öllu tilliti. ■





### Karfa 1

Utvalda Surdegskex, franskur Camembert Royal, Rjómaostur, Piparostur, Dala brie, Hagkaup Papriku og Chili sulta, Omnom súkkulaði lakkrís + sea salt.

**4.199 kr**



### Karfa 2

Utvalda Surdegskex, franskur Camembert Royal, Rjómaostur, Piparostur, Dala brie, Ostarúlla mexicó, Ostarúlla með beikon & papriku, Hagkaup Papriku og Chili sulta, Omnom súkkulaði lakkrís + sea salt.

**4.899 kr**



### Karfa 3

Utvalda Surdegskex, franskur Camembert Royal, Rjómaostur, Piparostur, Dala brie, Ostarúlla mexicó, Ostarúlla með beikon & papriku, Bleu d'Auvergne, Prima Donna maturo, Hagkaup Papriku og Chili sulta, Hagkaup Sultaður rauðlaukur, Omnom súkkulaði lakkrís + sea salt.

**6.999 kr**



### Karfa 4

Utvalda Surdegskex, Utvalda Lätta Dinkelkex, franskur Camembert royal, Rjómaostur með karamellisgeruðum lauk, Piparostur, Dala brie, Ostarúlla mexicó, Ostarúlla með beikon & papriku, Brie með hvítlauk, Bleu d'Auvergne, Prima Donna maturo, Hagkaup Papriku og Chili sulta, Hagkaup Sultaður rauðlaukur, Omnom súkkulaði lakkrís + sea salt, Omnom Krunch Milk Chocolate.

**8.399 kr**

### Karfa 5

Utvalda Surdegskex, Utvalda Lätta Dinkelkex, franskur Camembert Royal, Rjómaostur með karamellisgeruðum lauk, Piparostur, Picandou Tartine geitaostur, Ostarúlla mexicó, Ostarúlla með beikon & papriku, Brie með hvítlauk, Höfðingi, Bleu d'Auvergne, Dala brie, Prima Donna maturo, Hagkaup Papriku og Chili sulta, Hagkaup Sultaður rauðlaukur, Omnom súkkulaði lakkrís + sea salt, Omnom Krunch Milk Chocolate.

**9.799 kr**



Gjafakort

HAGKAUP

Gjöf sem  
gledur



EITT GLÆSILEGASTA  
SÆLKERABORD LANDSINS  
ER Í HAGKAUP KRINGLUNNI



Yfir **100**  
tegundir af ostum og  
ferskt skornu áleggi



Gráðaostur blandaður með  
karamellu líkjör og heslihnetum



Rjómakenndur gráðaostur  
þroskaður með Raboso passito víni  
og trönuberjum



Gráðaostur blandaður við  
Choco 21 súkkulaði líkjör og  
toppaður með kakó og súkkulaði

HAGKAUP





# ÉG VAR VIÐ DAUÐANS, DYR EN FÉKK UPPRISU

Næringarfræðingurinn Elísabet Reynisdóttir, betur þekkt sem Beta Reynis, segir sögu sína á einlægum og fallegum hátt í nýju bókinni *Svo týnist hjartaslóð*. Beta segir höfund bókunnar, Valgeir Skagfjörð, ekki aðeins hafa skrifað sögu hennar heldur hafi hann einnig heilað hana og hjálpað henni að horfast í augu við fortíð sína.

Guðrún Ósk  
Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



**S**vo týnist hjartaslóð segir frá baráttu Betu við að komast í gegnum veikindi og fóta sig aftur í lífinu. Hún segir frá átakanlegri ástarþráhyggju og meðvirkni sem hún hefur glímt við. Í samtali okkar rifjar Beta upp kafla úr bókinni sem er henni einstaklega áhrifamikill. „Þetta lýsir þegar ég stend á þessum tímamótum, að fatta að ég er komin í algjört rugl,“ segir hún.

## KAFLI ÚR BÓKINNI

„Þessar vangaveltur gera ekkert gagn. Þær gera ekkert annað en að sökkva mér lengra ofan í sálar-djúpið, blinda skynjun mína og bregða svefnhöfgi yfir innsæið. Þegar einar dyr lokast opnast aðrar. En ég kem ekki auga á neinar aðrar dyr. Ég mæni á þessar sem hafa lokast á mig og bíð eftir því að þær opnast aftur. Þá kemur sjálfsbjargarviðleitnin til skjalanna. Hún er eins og sjálfvalin stýring sem ýtir mér í einhverja átt án ihlutunar míns eigin vilja eða ásetnings. Ég gríp í það haldreipi eins og svo margir gera. Ég leita á náðir lyfja til að deyfa sársaukann svo ég komist í gegnum daginn og annarra lyfja til að hjálpa mér yfir

landamæri vökunnar og svefnins. Allt svo þekktar aðferðir. Ég kynntist þeim í veikindum mínum og þótt það hafi fenn í sporin kann ég enga betri aðferð til að bæta líðanina.

Svo nú er ég ekki bara fráskilin kona á fimmtugsaldri. Ég er fráskilin fjörutíu og átta ára gömul tveggja barna móðir á þunglyndis- og svefnlyfjum í þráhyggju yfir manni sem hefur hafnað mér og sorg yfir maninum sem ég hef skilið við; og þar að auki í bullandi skömm gagnvart öllum og öllum fyrir að vera á þessum stað í lífinu.“

## Heimaeyjargosið

Beta var aðeins fjögurra ára gömul þegar hún var vakin um miðja nótt og þurfti að flýja heimili sitt vegna Heimaeyjargossins, þann 23. janúar 1973. Þessi upplifun hafði mikil áhrif á Betu og verður hún smá klökk þegar við ræðum um hana.

„Sumar tilfinningar hef ég lokað inni. Þegar við Valli fórum að ræða þetta og ég fór að upplifa þessa gosnótt, þá áttaði ég mig á að ég hef alltaf átt erfitt með að tala um hana,“ segir hún.

Í bókinni fléttast inn minningar Betu úr æsku, frá nóttinni örlagaríku, hvað hafi tekið við, lífi hennar sem stúlku og seinna meir ungrar konu, ásamt sögum af forfeðrum hennar.

## Kippt út úr tilverunni

Þegar Beta var 33 ára og í blóma lífsins, með tvö ung börn, þar af annað aðeins þriggja mánaða, var henni kippt út úr tilverunni þegar hún skyndilega veiktist og greindist með sjaldgæfa taugasjúkdóminn Guillian-Barré. Í nokkra mánuði lá Beta lömuð inni á spítala og í endurhæfingu á Grensás. Um tíma var hún viss um að þetta væru endalokin, hún væri að deyja.

Í bókinni fer Beta yfir þennan tíma, allt frá greiningu sjúkdómsins, í gegnum stærstu niðursveiflurnar og endurhæfinguna sem tók allan hennar lífsins vilja og kraft.

„Líf mitt breyttist þegar ég veiktist. Ég þurfti að búa mér til líf í öðru umhverfi. Allt í einu var ég heilsulaus. Ég var við dauðans dyr en fékk upprisu. En ég fékk aldrei tækifæri til að syrgja það að hafa misst heilsuna,“ segir hún og bætir við að það hafi tekið gríðarlega á að fara frá því að vera fullfrísk kona með marga bolta á lofti í að vera ári seinna með rétt svo næga orku til að koma börnunum út

í leikskóla og skóla og kannski út í búð.

Það liðu nokkur ár þar sem Beta var föst í þessu undarlega lífi sem henni fannst ekki vera sitt eigið. Hún þekkti ekki sjálfa sig, glímdi við heilsubrest og var orkulaus. Hún ákvað að taka málin í eigin hendur og lærði næringarfræði.

„Ég gefst ekki upp. Ég leita einhverra leiða til að finna líf mitt og heilsuna mína aftur. En það var ekki fyrr en í desember í fyrra sem ég fór í athöfn sem vakti mig til lífsins. Það hófst annar kafli eftir það,“ segir hún og vísar til skynörvandi lyfsins Ayahuasca, sem er gjarnan notað í athöfnum til að vinna úr áföllum og tilfinningalegum sársauka.

## Par byrjaði úrvinnslan

Beta taldi sig vera á góðum stað í desember í fyrra en sú skoðun átti eftir að breytast. Það var röð tilviljana sem leiddu til þess að hún fór í Ayahuasca-athöfn og fann loksins sinn innri frið.

„Ég ákvað að fara í athöfnina en hafði ekki hugmynd

um hvað ég átti í vændum. Þar upplifði ég lömunina, veikindin, óttann við dauðann, höfnun. Það var eins og einhver hefði opnað vídd í hausnum mínum, þar sem ég var búin að troða poka niður í svarthol og loka. Þar byrjaði úrvinnslan sem varð til þess að ég fer í röð viðtala og úr því kom hugmyndin að ég ætti að skrifa bók,“ segir Beta.

Síðan þá hefur hún farið í nokkrar athafnir með sjamönnum sem hún treystir fullkomlega.

## Veikindin og hjónabandið

Í bókinni opnar Beta sig um ástina, sambönd og höfnun. Í dag segist hún sjá að hún hafi verið haldin rómantískri ástarþráhyggju og verið vanmáttug af meðvirkni. Beta hefur sótt Al-Anon fundi um árabíl og einnig fundi fyrir ástarfíkla.

Veikindin höfðu mikil áhrif á hjónaband hennar og segir Beta frá því að hún hafi upplifað tvenns konar ótta, ótta um að missa eigið líf annars vegar og ótta um að missa eiginmann sinn hins vegar.

„Finnst að við eigum að







Beta felldi mörg tár við gerð bókarinnar og gerir enn þegar rætt er um ákveðna kafla.

MYNDIR/OLGA HELGADÓTTIR

var Beta á báðum áttum hvort hún væri tilbúin að opna sig á þennan hátt fyrir framan alþjóð. Í dag er hún fegin því bókinn spilaði stórt hlutverk í að hjálpa henni að finna innri frið. „Valgeir tók mig í ótrúlega þerapíu. Ég sagði við hann í lokin: Þó ég borgi allan þennan kostnað og það komi aldrei út nein bók þá kom heil manneskja úr þessu samstarfi,“ segir Beta.

„Með því að vera sönn, ef ég get hjálpað einhverjum, þá verð ég sátt. En ég veit það stundum ekki hvað varð til þess að ég opinberaði mig svona. Ég segi það bara í hreinskilni, þá held ég að það hafi verið einhver sem ýtti okkur áfram,“ segir Beta og bætir við að stundum velti hún fyrir sér hvort það sé heimska eða æðri máttur sem ráði för.

### Bað til æðri máttar

Í gegnum árin hefur lífið fært Betu krefjandi verkefni, sem sum hafa verið henni um megn, og á þeim tímum hefur hún leitað til æðri máttar. Hún rifjar upp 2017, sem reyndist henni erfitt ár.

„Eitt við mig, ég gefst ekki upp en ég var alveg að bugast. Ég bað til Guðs og æðri máttar um hjálp og mér fannst ég alltaf vera leidd áfram,“ segir hún og nefnir að í gegnum ótrúlegar tilviljanir hafi vegir hennar og annarra legið saman og í gegnum það hafi hún fengin einstök tækifæri. Hún nefnir vinskapi sinn og lista-kokksins Alberts Eiríkssonar.

„Það er eins og ég hafi staðið á leiksviði og lífið hafi sent mér réttar manneskjur á réttu augnablikunum til að hjálpa mér,“ segir hún.

### Hefði vilja horfast í augu við óttann

Þegar Beta horfir til fortíðarinnar hugsar hún að hún hafi gert margt rétt í veikindunum. Hún dvaldi oftast ekki í að hún væri svona veik. Á meðan hún brosti lömuð í sjúkrahúsrúminu grétu vinir hennar frammi á gangi.

„Ég vildi að ég hefði fengið þá hjálp við að horfast í augu við óttann minn, því ég var auðvitað óttaslegin. Í staðinn bældi ég hann niður og harkaði af mér. En ég er líka þakklát fyrir að ég hafi ekki alveg áttað mig á alvarleikanum,“ segir hún.

Beta segir að hún hafi velt því fyrir sér hvort hún hefði náð sér fyrr ef hún hefði fengið að tala um tilfinningar sínar, ótta og vanmátt sinn gagnvart því að hugsa um börnin sín eftir veikindin.

„Ég var ekki hæf til að vera eiginkona eða móðir, ég var ekki hæf til að fara aftur út í lífið. En einhvern veginn var kerfið okkar þannig að það var lítið svo á að ég hefði náð mér af sjúkdómnum og var send heim, fékk einhvern hjólastól og svo bara bless. Þetta var svo erfitt því ég sagði aldrei neitt, ég sagði ekki að ég væri að bugast. Árin liðu og ég komst í gegnum þetta. Sem betur fer.“ ■

rækta sambandið og heila okkur en þá dynja á okkur lífsins óviðbúnu áföll og við náum ekki að vinna úr neinu þeirra áður en það næsta hrynur yfir,“ segir Beta í bókinni um hjónaband sitt.

### Ætlaði að klára þetta

Á einum tímapunkti var Beta komin nær því að gefast upp en nokkurn tíma áður. Hún var í ástarsorg og verkjaði svo í hjartað að hana langaði ekki að lifa lengur. Hún rifjar það augnablik upp í bókinni. „Ég tek í stýrið og stefni beint framan á flutningabílinn. Best að klára þetta. Hávær og langdreginn lúðraþytur berst frá flutningabílnum. Ég bíð eftir skellinum [...] Það er eins og einhver rífi í stýrið hjá mér rétt áður en bílarnir rekast á og bíllinn stefnir út í kant.“

Við ræðum aftur um tenginguna við Guð og æðri mátt og segist Beta vera viss um að þarna hafi einhver gripið inn í og bjargað henni. Aðspurð hvernig það hafi verið að opna sig um svona ótrúlega persónulega og viðkvæma reynslu í bókinni viðurkennir hún að það hafi verið erfitt.

„Ég hafði aðeins sagt frá þessu atviki á Al-Anon fundum og það vissi eiginlega enginn af mínum nánustu af þessu. Ég hef horfst í augu við þetta og hef þurft að lýsa þessu augnabliki og tilfinningunni þegar þér finnst ekki þess virði að lifa, ég hélt að mér myndi aldrei líða þannig. En ég veit núna að það eru margir sem hafa átt svona augnablik og ég bið fólk um að leita sér hjálpar, því þetta liður hjá,“ segir hún.

### Tilfinningaþrungin stund á Esjunni

Frá því að Beta var lömuð og var að glíma við eftirköst veikindanna átti hún sér draum um að ganga Esjuna. Það liðu sextán ár þar til hún lét þann draum rætast. Hún lýsir stundinni þegar hún kom loksins á toppinn.

„Þetta voru blendnar tilfinningar. Ég hefði getað farið fyrr upp Esjuna en ég geymdi það, ég veit ekki af hverju. Þetta er eins og þú myndir alltaf geyma besta súkkulaðið því þú myndir ekki tíma að borða það. Ég horfði oft á Esjuna og hafði margoft rætt við vini

„Það er eins og einhver rífi í stýrið hjá mér rétt áður en bílarnir rekast á og bíllinn stefnir út í kant.“


mína um að fara með mér, því ég vissi að þetta yrði tilfinningaþrungin stund,“ segir hún.

Beta fór að lokum upp Esjuna með nágrannakonu sinni, sem hún segir að hafi verið hárréttur félagsskapur í þetta verkefni sem hafi verið frekar andlegt heldur en líkamlegt. „Þetta var töfrum líkast. Ég held þetta hafi verið stund fyr-

ir mig að klára þetta, sleppa takinu á þessum veikindum og draumum að ég væri komin þarna og nú gæti ég haldið áfram. Þetta var dásamleg tilfinning að standa þarna uppi á Steini og horfa yfir Reykjavík.“

**Kom út sem heil manneskja** Þetta er fyrsta bók Valgeirs og





# *Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum*



Eigum f órar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 62.000 kr.





SAUNA FYLGIHLUTIR





INFRARAUÐUR KLEFI



HEITIR POTTAR

# *Sjáðu úrvalið á goddi.is Infrared saunur ásamt viðarkyntum pottum*



# GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Guðrún Ósk  
Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



María Rut Kristinsdóttir og Ingileif Friðriksdóttir eru mörgum Íslendingum kunnar. Fjölmíðlakonan Ingileif hefur verið á sjónvarpsskjáum landsmanna um árabíl og er nýgengin til liðs við skapandi stofuna Ketchup Creative. María Rut er aðstoðarmaður Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttir, þingmanns Viðreisnar. Þær hafa verið ótulir talsmenn fyrir baráttu hinsegin fólks og halda einnig úti hlaðvarpsþættinum Raunveruleikinn. Nýlega gáfu þær út bókina Vertu þú! þar sem þær segja litríkar sögur af fjölbreytileikanum og hvetur til fordómaleysis og víðsýni.

#### Pekkja það af reynslunni

Í bókinni er fjallað um hinsegin fólk, trans börn, börn af erlendum uppruna, fatlað fólk, fjölbreytt fjölskylduform og fleira. Bókin var skrifuð með þessi börn í huga, sem bregða út af norminu á einhvern hátt, en hún var líka skrifuð fyrir foreldra sem vilja ræða við börnin sín um fjölbreytileikann en vita ekki hvernig best er að bera sig að. Þær þekkja það af eigin reynslu sem mæður tveggja drengja.

„Þegar sá eldri var að byrja í grunnskóla voru svo margir foreldrar barna í kringum hann, sem langaði að tala við börnin sín en vissu ekki hvernig þeir ættu að fara að. Við ákváðum að þessi bók gæti þá verið ágætis byrjun á samtali og ákváðum að vera bara með bók sem segir hlutina nákvæmlega eins og þeir eru. Því yfirleitt þarf bara að segja börnunum hlutina og þau skilja þá, þau fæðast ekki með neina fordóma,“ segir Ingileif og María Rut bætur við:

„Ef við höldum áfram að tipla á tánum í kringum raunveruleikann og í kringum samfélagið eins og það er saman sett, því við erum fjölbreytt, við erum ólík, við erum alls konar. Ef við erum alltaf hikandi gagnvart því að það sé staðreynd, þá búum við til þessar jaðarsettu hugmyndir um að fólk sé öðruvísi en eitthvert norm. Okkur langaði að skrifa bókina frekar hispurslaust til að fá líka fullorðna fólkið til að skoða eigin fordóma og kannski eigin ótta við að taka þessi samtöl. Því þau eru kannski alin upp við meiri jaðarsetningu en kynslóðin sem á eftir þeim kemur.“

#### Sagan um Ronju

Í bókinni er saga um trans stelpuna Ronju. María Rut og Ingileif segja að þær hafa velt því lengi fyrir sér hvernig væri best að segja söguna hennar Ronju, þar til þær áttuðu sig á því að þær ættu bara að segja hana alveg eins og hún er.

„Við vorum búnar að skynja



María Rut og Ingileif segja hispurslaust frá fjölbreytileikanum.

MYND/HANNA

# Börn fæðast ekki með fordóma

Hjónin María Rut og Ingileif eru höfundarnir á bak við bókina Vertu þú! Þær eru þakklátar fyrir góðar viðtökur og vona að bókinni geti hjálpað foreldrum að ræða við börnin sín um fjölbreytileikann.

að foreldrum þætti þetta erfitt viðfangsefni til að tala um við börnin sín. Annaðhvort taldi fólk þetta vera of flókið eða börn væru of ung til að vita um trans fólk. En börn eru ekkert of ung til að vita af fjölbreytileikanum og því fyrr sem þau vita að við erum öll ólík því betra,“ segir Ingileif og bætir við að það sé best að segja hlutina alveg eins og þeir eru svo börn skilji.

María Rut segir að það sé þó alveg mannlegt að þykja þessi umræðuefni erfið að einhverju leyti. „Við erum alin upp með að þetta sé kannski frekar óþægilegt umræðuefni, því það á það til að vera svo mikill feluleikur og skömm í kringum þetta,“ segir hún og bætir við að þeirra draumur sé að með aukinni og opinni umræðu þá þurfi það ekki að vera svona mikill hjalli fyrir fólk að fá að vera það sjálft.

Aðspurðar hvenær þær telja vera rétta tímann til að byrja að ræða fjölbreytileikann við börn segja þær að það fari eftir þroska barnsins. „Foreldrar skynja þroska barna sinna. Ég held að þau skilji þetta mikið

fyrr en við gerum okkur grein fyrir. En auðvitað setur maður hlutina í ólíkan búning eftir þroska,“ segir María Rut.

#### EKKI OF MIKIÐ

María Rut og Ingileif kippa sér lítið upp við gagnrýnisskildir sem telja bókina og skilaboð hennar vera „of mikið“.

„Ef einhverjum finnst það að tala um raunveruleikann vera „of mikið“ þá veit ég ekki alveg hvar við erum stödd. Það að neita að tala um einhverja hluti við börn, að ætla bara að sneiða fram hjá því að fjölskylduform séu mismunandi til dæmis, það er eins og ætla að sneiða fram hjá því að sumir eru rauðhærðir eða eitthvað álíka. Hinsegin fjölskyldur eru hluti af mannflórinni, alveg eins og trans fólk. Það að tala ekki um það er svo mikil fáfræði. Með því að tala um þetta getum við eytt tabúinu og fordómum,“ segir Ingileif.

„Þetta snýst um lífshamingju. Þetta snýst um að fá að vera maður sjálfur í eigin skinni og hafa áhuga á því sem

maður hefur áhuga á, og það meiðir ekki annað fólk. Það tekur ekkert pláss af öðrum. Þessi bók er vonandi efniviður fyrir foreldra sem hafa áhuga á að tala um fjölbreytileika við börnin sín en vita ekki hvar þeir eiga að byrja,“ segir María Rut.

#### VIÐTÖKURNAR FRÁBÆRAR

Það er greinilegt að það hefur verið mikil eftirspurn á íslenskum markaði fyrir svona bók. Vertu þú! komst á metsölulista Eymundsson og var uppseld um tíma, en sem betur fer er ný sending komin til landsins.

Þrátt fyrir þessar ótrúlegu viðtökur munaði litlu að bókinni hefði aldrei komið út. Fyrst þegar Ingileif og María Rut fengu hugmyndina og vildu framkvæma hana, þá fengu þær þau svör að það væri þegar ein „svona“ bók á markaðinum og markaðurinn væri því „mettaður“.

Þær viðurkenna að þeim hafi þótt þessi viðbrögð undarleg, þar sem það eru mörg þúsund barnabækur um hið hefðbundna fjölskylduform,

„Við erum alin upp með að þetta sé kannski frekar óþægilegt umræðuefni.“

en aðeins ein um hinsegin fjölskyldur.

„Um leið og við áttum fund með Sölkun bókaforlagi þá small þetta allt og hefur gengið ótrúlega vel,“ segir María Rut.

María Rut og Ingileif segja að það hafi kveikt á neista að skrifa bókina og að viðtökurnar hafa gefið þeim hvatningu til að halda áfram. Þær segja það því ansi góðan möguleika á að landsmenn megi eiga von á meira efni frá þeim í framtíðinni, það er allavega ekki útilokað. ■



# BRÚÐKAUPSFERÐ FRÁ HELVÍTI

Nýgift, uppfull af eftirvæntingu fyrir framtíðinni, héldu McAreavey hjónin til Máritíus í brúðkaupsferð. Það sem byrjaði sem draumur endaði í martröð sem er enn í gangi.

## SAKAMÁL

Máni Snær Þorláksson  
manisnaer@dv.is



Þann 30. desember árið 2010 giftust þau Michaela McAreavey og John McAreavey á Írlandi. Þau höfðu verið saman frá því árið 2005 en þau kynntust þegar þau voru bæði í háskólanámi. Eftir brúðkaupið var komið að brúðkaupsferðinni sem hófst með viku í Dúbaí. Þar nutu hjónakornin lífsins en eftir það var fönni heitið til eyjunnar Máritíus í Afríku. Þau hefðu betur haldið sig í Dúbaí.

Það var Michaela sem hafði valið að fara til Máritíus. Eftir að þau John höfðu grandskoðað öll hótelin ákváðu þau að velja Legends-hóтелиð sem var 5 stjörnu hóteli með góðar umsagnir. Þegar Michaela og John mættu í móttöku hótelsins, þann 8. janúar árið 2011, spurðu þau hvort það væri hægt að uppfæra bókunina þeirra. Það var hægt, nýgiftu hjónin fengu því lúxusherbergi.

Tveimur dögum eftir að hjónin höfðu mætt á hótelið, þann 10. janúar, fóru hjónin saman niður í morgunmat. Eftir morgunmatinn fór John í golf á meðan Michaela skellti sér í sólbað. Þegar John kom til baka eftir golfið fengu þau sér hádegismat saman. Eftir hádegismatinn ákvað Michaela að ná í súkkulaði sem þau voru með í herberginu. John ákvað að bíða og taka nokkrar myndir á meðan Michaela fór upp á herbergi. John gerði sér ekki grein fyrir því þarna en hann átti aldrei eftir að sjá eigin konu sína á lífi aftur.

### Fannst látin í baðkarinu

Þegar John var búinn að bíða eftir því að Michaela kæmi aftur í þó nokkurn tíma ákvað hann að fara upp og kíkja á hana. Þegar John gekk inn á hóteliherbergið sá hann eigin konu sína í baðkarinu. Hún var köld og varirnar voru bláar. John reyndi hvað hann gat til að vekja hana. Hann reyndi að beita skyndihjálp en allt kom fyrir ekki. Michaela var dain.

Hringt var í lögregluna á svæðinu sem kom að vörmu spori. Lögreglunni hafði verið sagt að einhver hefði druknað á hótelinu. Þegar



Avinash Treebhoooon og Sandip Moneea.

lögregluþjónarnir komu inn í herbergið grunaði þá strax að morð hefði átt sér stað. Herbergið var í óreiðu og Michaela var marin á hálsinum. Við krufningu kom í ljós að hún hafði dáðið vegna súrefnisskorts. Plastpoki hafði verið settur yfir höfuðið á henni og hún síðan kyrkt.

### Þrjú menn handteknir

Morðið var tekið mjög alvarlega og mikið áfall fyrir Máritíus þar sem landið reidir sig sérstaklega mikið á tekjur frá ferðamönnum. Það var þess vegna ákaflega mikilvægt að málið væri leyst hratt og örugglega. Það virtist ætla að ganga þegar þrjú menn voru handteknir vegna morðsins, einungis degi eftir að það var framið.

Mennirnir þrjú, Avinash Treebhoooon, Sandip Moneea og Raj Theekoy, sem voru handteknir, voru allir starfsmenn á hótelinu. Raj var látinn laus fljótlega eftir handtökuna en hann vissi þó sitthvað um málið. Eftir að Raj sagði frá því sem hann vissi var annar starfsmaður

hótelsins handtekinn, öryggisvörðurinn Dassen Narayanen. Hann var sakaður um að hafa gefið þeim Sandip og Avinash lykil til að komast inn í herbergi McAreavey-hjónanna.

Dassen játaði sína sök í málinu en þeir Avinash og Sandip héldu því fram að þeir væru saklausir. Málið fór því fyrir dóm.

Fyrir dómstólnum sagði saksóknarinn í málinu að Michaela hefði farið upp á herbergið sitt og staðið þá Avinash og Sandip að þjófnaði. Þá sagði saksóknarinn að þeir Avinash og Sandip hefðu ákveðið að kyrkja Michaelu svo hún gæti ekki borið kennsl á þá. Avinash og Sandip höfðu báðir aðgang að herbergi hjónanna þar sem Dassen hafði látið þá fá lykilinn.

Þá sagði saksóknarinn að Raj hefði verið fyrir utan herbergið og heyrð í „konu sem kvaldist“. Eftir það sá hann Avinash og Sandip fara út úr herberginu. Hann spurði þá hvað hefði gengið á. „Ekkert gerðist, ekki segja neitt. Ef

þú segir eitthvað þá gerum við þig meðsekan,“ sögðu Avinash og Sandip við Raj.

Fyrir dómi var sagt að Avinash hefði játað sök sína í morðinu. Hann játaði sökina í yfirheyrslum lögreglu. Avinash sagði að Michaela hefði gengið inn á þjófana og því hefðu þeir myrt hana. Þeir hefðu síðan sett hana í baðkarið til að þrifa ummerki sín af líkinu.

### Saklausir blóraböggjar

Lögmenn sakborninganna héldu því fram að þeir Avinash og Sandip væru saklausir blóraböggjar. Lögmennirnir vildu meina að rannsókn málsins hefði verið léleg, ekki allt á vettvangi morðsins hefði verið skoðað gaumgæfilega. Til að mynda var herberginu ekki lokað af almenninga, en auk þess voru aðrir gestir hótelsins ekki yfirheyrðir. Þá fannst ekkert erfðaeftni á vettvangi morðsins. Avinash og Sandip voru sagðir hafa tekið peninga úr veski, en þrátt fyrir það voru engin sýni tekin af veskinu.

Eftir þetta voru sýni af

McAreavey-hjónin á brúðkaupsdaginn  
MYND/  
IRISH NEWS/  
PA WIRE

líki Michaelu send til Bretlands til rannsóknar. Hvorki erfðaeftni úr Avinash né Sandip fannst við þá rannsókn. Það eina sem fannst í rannsókninni var mögulegt erfðaeftni Sandip á lyklinum sem notaður var til að opna herbergið og á skúffu í herberginu. Sérfræðingurinn sem fór fyrir rannsókninni sagði þó að lögreglan hefði ekki staðið sig nógu vel í að loka vettvang glæpsins af og því væri ekki hægt að fullyrða hvort Sandip hefði verið viðriðinn morðið.

### Ældi blóði

Málið var að leysast upp í höndum saksóknarans. Dassen, sá sem sagðist hafa látið Sandip hafa lykilinn, dró játningu sína til baka. Hann vildi meina að lögreglan hefði neytt sig til að segja það sem hann sagði með því að miða á hann byssu. Lögreglan neitaði því.

Þá dró Avinash sína játningu líka til baka. Hann vildi meina að hann hefði einnig verið neyddur til að skrifa undir játninguna eftir lögregluofbeldi. Hann sagðist hafa verið pyndaður, meðal annars með vatnspyndingu sem endaði með því að hann ældi blóði.

Lögmenn sakborninganna lögðu fram enn fleiri sönnunargögn sem gáfu í skyn að hvorki Avinash né Sandip hefðu framið morðið. Til að mynda var Sandip með fjarvistarsönnun eftir að starfsmaður hótelsins sagði hann hafa verið með sér þegar morðið var framið.

### Málið ennþá óleyst

Í fyrstu virtist sem málinu yrði lokað á tveimur vikum, en það endaði á að dragast í tæpa tvo mánuði. Að lokum ákvað kviðdómurinn að þeir Avinash og Sandip væru saklausir. Rannsóknin á morðinu var því opnuð á ný en ekkert kom út úr því. Málið var opnað á ný árið 2017 en aftur fannst ekkert merkilegt. Í ár var rannsókninni lokað endanlega og málið er því enn þann dag í dag óleyst.

Fjölskyldur hjónanna kærðu Legends-hóтелиð eftir málið og vildu fá 1,6 milljónir evra, um 245 milljónir íslenskra króna, í skaðabætur. Málið var leyst utan dóms en ekki er vitað hversu mikið hótelið greiddi fjölskyldunum. Nafni hótelsins var breytt eftir málið en það heitir í dag Lux Hotel. ■



Dorbjörg  
Marínósdóttir  
tobba@dv.is



Ég var og er grísa sjúk en ástæðan er ekki alveg kristaltær. Eflaust er það blanda nokkurra atriða. Ég fíla bleikan lit, grísir eru með hrikalega sæta, litla innstungunebba og flest allt sem tekur á sig grísalíki verður svo endalaust krúttlegt,“ segir Ragga, eins og hún er kölluð.

Sýkin byrjaði svo sem nógu sakleysislega. „Ég sótti í allt góss sem minnti á grísi og fjárfesti í einum og einum tuskugrís, eftir að hafa nælt mér í aura með því að stúta sparigrísnum. Sá stærsti var gríðarlega stór og mig dreymdi fyrir nafninu: Daníel Markó, sem var virðingartottur við heimsbókmenntirnar, þær sem fjölluðu um Ísólkið. Næst fór ég að leira örlitla grísi úr Fimo-leir og láta mig dreyma um að eignast alvöru angórudverggrísi. Jú, þeir eru víst til,“ segir Ragga, sem losnaði ekki undan blætinu þó að aldurinn færðist yfir. Dálætið óx.

#### Instagram-grísir

„Eftir að hafa fylgt fjölda sprenglæglegra grísa á Instagram og laðað að mér alls kyns gjafir í grísalíki fór ég að prófa mig áfram með að hekla þá. Síðustu jól fengu vel valdir vinir og vandamenn að njóta ávaxta þeirrar tilraunastarfsemi þegar þeim bárust lukkugrísir í kassa með skilaboðum ætluðum hverjum og einum. Þær sendingar vöktu lukku og því varð úr að halda aðeins áfram á sömu braut.

Ég var ánægð með gömlu grísina en ekki nógu ánægð, svo ég ákvað að mólva aðeins upp hugmyndina. Nýtt garn, nýir litir og aukalykkjur hér og þar leiddu af sér nýja og litskrúðuga kynslóð hreinræktaðra lukkugrísa, sem eru sætari og lukkulegri en rækjur í majónesi.

Gústi félagi minn hefur óbilandi trú á því sem ég geri og verandi grafískur hönnuður og þúsundþjalasmiður hnoðaði hann í eitt stykki sölusíðu fyrir mig þar sem stefnan er að selja grísa bæði hér heima og erlendis,“ segir Ragga en sala grísa fer vel af stað. „Eðli málsins samkvæmt eru engir tveir grísir eins, enda handgerðir af alúð, og litir og garn fara eftir innblæstri dagsins. Grísirnir eru því allt frá því að vera á stærð við fimm krónu pening og upp í sémilega bústna golfkúlu, en allir eiga þeir það sameiginlegt að færa eiganda sínum lukku.“

#### Heklköst

Aðspurð hvort það sé ekki snúið að hekla svo litla grísi segir Ragga það vera kúnt sem komi í köstum. „Það er talsverð kúnt að hekla mjög litla grísi, þessir allra minnstu eru ekki mikið stærri en króna og það þarf þolinmæði, vandvirkni og góð gleraugu í það verkefni. Sjálf hef



Ragnheiður á bleika deginum með grísinn Flosa John um hálsinn.

MYNDIR/AÐSEND

# Gríðarlega grísa sjúk og heklar eftir því

Ragnheiður M. Kristjónsdóttir er með eindæmum handlagin. Hvort sem bora þarf fyrir hillu eða hekla smágrís fer Ragga létt með það.



ég alltaf verið sjúk í allt smátt og í gamla daga var leikfangaverslunin Tokyo í algjöru uppáhaldi en þar voru alls kyns smáhlutir frá japanska leikfangaframleiðandanum Sanrio á borð við Hello Kitty, My melody og Little Twin Stars. Þeir grísir sem eru til sölu eru ekki alveg svona smáir því það hafa ekki allir sama smekk fyrir örgrísum og ég sjálf.“

Ragga heklar í skorpum og þemun eru misjöfn. „Mamma kenndi mér að hekla og ég hef tekið nokkur stór heklköst: húfur handa öllum og ömmu þeirra, sjöl, barnateppi og í ár eru það grísir og risastórt COVID-teppi handa sjálfri mér. Svo hef ég verið að víða að mér nýjum aðferðum á YouTube og það er algjör veisla því möguleikarnir eru endalausir.“

Fyrir jólin smellti heklarinn knái í grísi á jólatréð. „Jólagrísir eru bullandi jólagegir. Lukkugrísirnir mínir á piggyinabox.is eru með hanka og miða með falletum skilaboðum. Hankanum má klippa af ef maður vill setja grísinn í smáhlutahillu, koma honum fyrir á altari í stásstofunni, eða hvað annað sem fólki dettur til hugar, eða hengja hann á hankanum á jólatréð. Hvað er jólalegra en krúttlegur fjölnotagris?“ ■



Einstaklega krúttlegt. Grísirnir fást á piggyinabox.is.

MYNDIR/AÐSENDAR



TÍMAVÉLIN

Erla Dóra Magnúsdóttir erladora@dv.is



Er blaðamenn komu í fljúgandi hálfu og hörkugaddi til Sandgerðis í gærdag var þar ekkert óvenjulegt að sjá við fyrstu sýn þó að þeir skim-uðu kringum sig haukfránum sjónum eins og góðum rann-sóknarblaðamönnum sæmir. Þar hafði þó verið framið vopnað póstrán um morgun-inn, líklega hið fyrsta í sögu Íslands, og varð að segja sumum þá sögu þrisvar til þess að þeir trygðu því,“ svo sagði í Þjóðviljanum í febrúar 1979. Rán þetta þótti afar frétt næmt enda ekki mikið um vopnuð rán á þessum slóðum, hvað þá rán þar sem ræningjanum tókst að komast burtu með hundruð þúsunda í reiðufé.

Rétt tæplega ári síðar var skrifað í Tímanum: „Um hálf níuleytið í gærmorgun réðist maður inn í pósthúsið á Sandgerði og hafði á brott með sér um 400.000 kr.“ Ekki var um að ræða upprifjun á ráninu 1979 heldur hafði pósthúsið í Sandgerði verið rænt aftur.

Ég skýt þig

Póst- og símsstöðvarstjóri í Sandgerði á þessum tíma var Unnur Þorsteinsdóttir. Þann 31. janúar 1979, mætti hún til vinnu að venju, hálf tíma fyrir opnun pósthússins þar sem hún fékk far með manni sínum.

„Ég kom í vinnuna klukkan hálf níu eins og ég geri venju-lega, því mér finnst gott að ganga frá ýmsu áður en símsstöðin opnar klukkan níu. Ég hafði að sjálfsgöðu læst, en þegar ég var nýkomin inn var bankað. Það kom mér ekki á óvart í sjálfu sér, því að það er ekki óalgengt að fólk fái að bíða eftir rútunni hérna inni, sérstaklega ef kalt er í veðri eins og var í dag. Ég var því alveg grunlaus þegar ég opnaði dyrnar en þá ruddist maðurinn inn, hrinti mér aftur á bak og lýsti með vasaljósi framan í mig um leið og hann slökkti loftljósið,“ sagði Unnur í samtali við Morgunblaðið í febrúar 1979. Hún hélt áfram:

„Ég skýt þig ef þú lætur mig ekki hafa alla peningana,“ kallaði maðurinn um leið og hann rak eitthvað hart í bakið á mér og skipaði mér að fara inn á skrifstofuna.“ Unnur sagði að maðurinn hefði virst vita hvað hann var að gera. Hann vissi hvar peningakassa væri að finna og vildi bara taka þúsund krónu seðla og fimm þúsund krónu seðla, en ekki ávísanir.

Old Spice rakspíri

Unnur kvaðst hafa verið dauðskelkuð. Maðurinn lýsti með vasaljósi framan í Unni

Enn framið póstrán í Sandgerði:

Barði póstmeistararn í höfuðið og hafði á brott með sér 400 þús.

Líðan Unnar póstmeistara eftir atvikum góð í gærkvöldi

RÁN VAR FRAMÍD í pósthúsinu í Sandgerði snemma í gærmorgun og er þetta í annað skiptið á tæpu ári sem það gerist. Í gær hafði ræninginn upp úr krafsinu tæplega 400 þúsund krónur en í fyrra var fengur ræningjans 488 þúsund krónur. Unnur Þorsteinsdóttir póstmeistari í Sandgerði hefur orðið fyrir þeirri sérstöðu lífsreynslu að verða á vegi ræningjans eða ræningjanna í bæði skiptin.

Í fyrra ógnaði ræninginn henni vettvang, gat hún komið boðum til og neyddi hana til þess að opna lögrelzunnar í Keflavík. Eftir

eftir rútunni hérna inni, sérstaklega ef kalt er í veðri eins og var í dag. Ég var því alveg grunlaus þegar ég opnaði dyrnar en þá ruddist maðurinn inn, hrinti mér aftur á bak og lýsti með vasaljósi framan í mig um leið og hann slökkti loftljósið.

Hótaði að skjóta Unni

„Ég skót þig ef þú lætur mig



Þessi mynd var tekin eftir ránið 31. janúar í fyrra í gegnum afgreiðslulúgu pósthússins. Talið frá vinstri: Unnur Þorsteinsdóttir póstmeistari, Anna Sveinbjörnsdóttir starfsstúlka í pósthúsinu og Jakob Tryggvason fulltrúi hjá Pósti og síma.

Pósthúsið var rænt í tvígang og var póstmeistarinn í bæði skiptin eina vitnið.

MYNDIR/TIMARIT.IS

Old Spice ræninginn í Sandgerði

Pósthúsið í Sandgerði var rænt í tvígang með árs millibili. Bæði ránin eru óupplýst nú fjörutíu árum síðar. Vitni að báðum ránunum sagði ræningjann lykta af Old Spice rakspíranum.



Í hvorugt skiptið vildi ræninginn fá ávísanir. Hvers vegna er óvitað.

svo hún sæi ekki útlit hans. Engu að síður gat Unnur komið með eftirfarandi lýsingu:

„Ég gat aðeins gert mér grein fyrir því að maðurinn var í meðallagi há og klæddur í bláleita úlpu með loðfóðri, úlpu af algengustu gerð. Hann hafði hettuna á höfðinu og hún var reyrd þétt að höfðinu svo hæpið var að ég hefði getað séð vel framan í manninn hvort sem er. Um aldur mannsins er erfitt að segja en líklega hefur hann verið ungur. Það var áberandi rakspíralykt af honum, lykt af Old Spice rakspíra.“

Maðurinn hafði þó ekki eins mikið upp úr krafsinu og hann hefði getað því

Unnur hafði gætt þess vel að hafa sem minnst reiðufé á staðnum, þar sem hana hafði dreymt fyrir ráninu.

„Mig dreymdi nýlega draum sem ég réð þannig að eitthvað myndi gerast í líkingu við það sem nú hefur gerst. Mig dreymdi að ég væri stödd inni á skrifstofunni minni og þá sá ég svarta veru. Þessi vera ágirntist það sem var í peningaskápnunum og hún sagði hvað eftir annað „ég vil fá allt nema ávísanir.“ Og þegar ég vaknaði glumdi þessi setning lengi á eftir í höfðinu á mér. „Ég vil fá allt nema ávísanir.“ Mér finnst þetta allt mjög einkennilegt því mig hefur aldrei dreymt neitt merkilegt

áður,“ sagði Unnur í samtali við Morgunblaðið. En eins og fram kemur hér ofar þá vildi ræninginn einmitt ekki ávísanir, rétt eins og maðurinn í draumi Unnar.

Líklegast jólagjöf

Rannsóknarlögreglan í Keflavík og rannsóknarlögregla ríkisins unnu hörðum höndum að því að upplýsa málið. Var meðal annars yfirheyrður ungur maður sem átti heima í sama húsi og pósthúsið, en honum varð þó að sleppa þar sem engar handbærar sannanir fundust til að tengja hann við ránið.

Málið vakti mikla athygli í Sandgerði. Í frétt Morgunblaðsins frá febrúar 1980 sagði að sú saga hefði gengið að sala á Old Spice rakspíra hefði dottið niður úr öllu valdi í bæjarfélaginu. Morgunblaðið hafði eftir starfsmanni í versluninni Öldunni í Sandgerði að þetta gæti ekki staðist, þar sem rakspírinn hefði ekki fengist í Sandgerði síðan fyrir jól: „Líklega hefur ræninginn fengið rakspírann í jólagjöf,“ sagði starfsmaðurinn.

Slegin í rot

Ári síðar var málið enn óupplýst. Og þá var pósthúsið rænt að nýju. Í þetta skipti reyndi Unnur að verjast ræningjanum og var því slegin í rot.

„Ég varð öskureið, þegar ég varð vör við manninn, því ég vildi ekki að þetta færi eins og í fyrra og tók á móti, en með þeim afleiðingum að ég

var barin niður,“ sagði Unnur í samtali við Vísi í janúar 1980. Vildi hún að þessu sinni sem minnst tjá sig við fjölmiðla enda sagði hún að málið árinu áður hefði tekið verulega á sig og fjölskyldu sína og vildi hún ekki verða „að skemmtiatriði á vörum fólks“.

Lögregla taldi að líklega væri um sama mann að ræða og hafði rænt pósthúsið árinu áður. En þó væri ekki útilokað að um hermíkráku væri að ræða. Málsatvik eru þó keimlík.

„Unnur veitti mótspyrnu og við það brotnuðu gleraugu hennar en ræninginn greip þá til þess ráðs að veita Unni þungt höfuðhögg svo hún missti meðvitund. Tók ræninginn því næst lyklna af Unni, opnaði peningaskáp pósthússins og tók þar peningabauk, sem innihélt allmikið af seðlum og hafði þá á brott með sér. Meira var af peningum í skápnunum, svo og ávísanir, en það skildi ræninginn eftir.“

Samkvæmt rannsóknarlögreglumanni sem fór fyrir rannsókninni grunaði lögreglu aftur hinn unga mann, en sem áður var ekki hægt að sanna það. Málin eru því bæði óupplýst í dag.

Íbúar í Sandgerði bíðu með eftirvæntingu eftir áramótunum 1980 til að sjá hvort ræninginn léti aftur til skarar skríða í ársbyrjun 1981. Hann virðist þó hafa snúið sér að öðrum verkefnum og látið pósthúsið framvegis eiga sig. ■





**Handbók fyrir ofurhetjur**  
eftir Elias og Agnes Váland  
Útgáfuár: 2017 – 2020

Út eru komnar fimm bækur í bókaflökknum Handbók fyrir ofurhetjur. Sú fyrsta er frá 2017 en sú nýjasta er nýkomin í verslanir. Lísu líður illa í nýja skólanum. Nokkrir strákanna leggja hana í einelti og á hverjum degi leitar hún skjóls á bókasafninu. Einn daginn rektst hún á bók sem inniheldur 101 æfingu fyrir þau sem vilja verða ofurhetjur. Getur verið að það sé hægt? Hröð, spennandi og skemmtileg saga um stúlku sem tekur málin í eigin hendur.

Í fimmtu bókinni er meðal annars komið inn á mikilvægi þess að sýna veikleika. „Aðeins þau sem eru raunverulega sterk þora að sýna veikleika,“ segir í lýsingu bókarinnar.



Bækur sem efla sjálfstraustið eru góð gjöf.

MYND/SIGTRYGGUR ARI

## BÆKUR SEM AUKA SJÁLFSTRAUST BARNNA

Í jólabókaflóðinu í ár er fjöldinn allur af góðum kostum í jólapakkann. Hér gefur að líta brot þeirra góðu barnabóka sem út koma, en þessar bækur þykja sérstaklega til þess fallnar að ljá börnum hugrekki og kynda undir kraftinum sem býr í þeim öllum.

**Þorbjörg Marinósdóttir**  
tobba@dv.is



**B**ækur eru sígild gjöf sem aldrei fellur úr gildi. Íslendingar eru

mikil bókaþjóð en fjöldi bóka sem koma út ár hvert er með því mesta í heimi hérlendis. Það getur verið flókið að velja réttu bókina í pakkann þegar svo mikið úrval er í boði. Bækur sem bæta sjálfstraust

barna eru ávallt góð hugmynd. Hér koma fimm tillögur af annars löngum og álitlegum lista. Í næsta tölublaði DV, Jólublaðinu mikla, verður annar og lengri listi yfir bækur sem DV mælir með. ■

**Elli, dagur í lífi drengs með ADHD**  
Teikningar og saga eftir Ara H. G. Yates  
Útgáfuár: 2020

Bókin er gefin út af ADHD samtökunum og er byggð á raunverulegum atburðum í lífi níu ára íslensks drengs sem er með ADHD.

„Börn með ADHD upplifa sig oft misskilin og fá gjarnan neikvætt viðmót þegar þau eiga erfitt með að hlýða, vera kyrr eða vinna verk-

efni sem þeim finnst óspennandi. Megininntak bókarinnar að gefa raunsanna innsýn í líf barna með ADHD og benda ungum jafnt sem öldnum á að það er vel hægt að líta á ADHD með jákvæðum hætti; það er hægt að „beisla“ ADHD til góðs,“ segir um bókina á síðu ADHD samtakanna.



**Ég vel mig**  
eftir Ernu Kristínu Stefánsdóttur  
Útgáfuár: 2020

Bókin hjálpar börnum og umsjónaraðilum að læra inn á sjálfmyndina og líkamsmyndina, þekkja helstu hugtökin og efla sjálfstraustið með fræðandi og skemmtilegum hætti þar sem karakter bókarinnar leiðir ykkur í gegnum allt það mikilvæga í tengslum við virðingu gagnvart okkur og einstaka líkamanum okkar. Aherslan er lögð á að hjálpa öðrum að komast skrefinu nær því að ná sátt við líkama sinn, bera virðingu fyrir honum og elska hann. Elska hann eins og hann er núna og í gegnum allar breytingar sem kunna að verða í gegnum lífið.



**Öflugir strákar:**  
Trúðu á sjálfan þig  
Eftir Bjarna Fritzson  
Útgáfuár: 2020

Bjarni Fritzsson er sálfræðimenntaður afreksmaður í íþróttum sem haldið hefur fjölda sjálfstyrkingarnámskeiða fyrir börn og unglíngja. Bjarni hefur gefið út fjölda bóka með það markmið að efla krakka og hafa bækurnar um Orra óstöðvandi og Möggu messa notið mikilla vinsælda en Bjarni hefur einbeitt sér að því að ná til drengja með skrifum sínum.

Bókin Trúðu á sjálfan þig kemur meðal annars inn á hvernig börn geta verið ánægð með sig og öðlast meira sjálfstraust. Hvernig ná má betri árangri í því sem þau hafa áhuga á og hvernig takast skuli á við mótlæti. Orra óstöðvandi og Magga Messi koma víða við sögu, auk þess sem í bókinni er að finna ýmsar áhugaverðar frásagnir af flottum fyrirmyndum og öflugum strákum.



**Íslandsdætur**  
eftir Nínu Björk Jónsdóttur  
Útgáfuár: 2020

Bókin fjallar um margar merkustu konur Íslandssögunnar og sýnir svo sannarlega að konur geta allt. Hugrekki, dugnaður og kjarkur drýpur af hverri síðu. Bókin er falleg myndskreytt af Auði Yri Elísabetardóttur sem ljær söguhetjunum sterka mynd. Í formála frá höfundu kemur fram að það sé hennar von að börn eigi eftir að lesa bókina og sækja í hana hvatningu og kjark til þess að láta drauma sína rætast og gefast ekki upp þótt á móti blási.





„... rétt eins og kóngulóin spinnur vef sinn af mikilli list falla nær allir endar Lilju saman á listilegan hátt í lokin.“

Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið



„Það eru snarpir kaflar, margar persónur og allar skýrar. Hún heldur vel utan um þetta stóra persónugallerí. Þetta er mjög skemmtileg afþreying.“ Sverrir Norland / Kiljan

„Í hroka mínum þóttist ég snemma vera búin að leysa gátuna. En málið er miklu flóknara, sem betur fer!“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

*Hörkugóð glæpasaga með óvæntum vendingum eftir háspennuhöfundinn Lilju Sigurðardóttur.*



 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10-19 alla daga til jóla | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



## Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina

í Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín spurningu lesanda sem var að byrja í nýju sambandi.

Sérfræðingur svarar



## ER HANN SÁ RÉTTI?

Sælur. Ég er nýbúin að eignast kærasta. Það lítur allt vel út en ég er brennd eftir fyrri sambönd og langar til þess að vita hvernig ég get verið viss um að þetta sé „sá rétti“? Áttu einhvern tékklista til þess að styðjast við?

## Mikilvægu stoðirnar

Sæl. Takk fyrir mikilvæga spurningu sem miklu fleiri mættu spyrja sig. Ég segi stundum í gríni að helsti vandi í parsamböndum fólks sé að hafa yfirhöfuð byrjað saman. Með því á ég við að fólk leggur rosalega mikla vinnu í að velja sér til dæmis hund. Þá velur fólk tegundina gaumgæfilega, skoðar got, stærð, karakter og fær sérfræðiálit. Í kjölfarið leitar fólk á hvolpanámskeið og allt er þetta hið besta mál. Aftur á móti gætum við stundum tekið hundaleitina til fyrirmyndar því þegar fólk velur sér maka þá fær ástríðan oft að ráða för og rannsóknarvinnan lýtur í lægra haldi.

Þú biður um tékklista en það besta sem ég get gefið þér eru upplýsingar um að það eru fjórar mikilvægar stoðir í góðu parsambandi. Þessar stoðir eru vinátta, lífsskoðanir, ástríða og þekking.

Í vináttu felst svo margt til dæmis virðing, traust, að njóta félagsskapar hvort annars og stuðningur. Ef þú spyrð hamingjusöm þér hvers vegna þau eru svona hamingjusöm þá er tíðasta svarið „við erum svo góðir vinir“. Í minni vinnu með þörum hef ég rekið mig á að stundum vantar upp á vináttuna, en þá þarf að greina betur hvað í vináttunni mætti vera betra og styrkja það eins og kostur er.

## Sameiginleg gildi

Lífsskoðanir endurspeglar gildi okkur í lífinu og þeim er gríðarlega erfitt að breyta hjá fólki. Þessar skoðanir mótast á löngum tíma, þær eru djúpstæðar og litáðar af mörgum þáttum. Dæmi um lífsskoðanir eru trúarbrögð, pólitísk viðhorf og hugsjónir. Þegar þar hefur mjög ólíkar lífsskoðanir, það er annað er hægrisinnað og hitt vinstri-sinnað, annað er vegan og hitt kjötæta og eitt er trúleysingi og hitt kaþólikki, þá getur slíkt framkallað óróleika í parsambandinu um hin minnstu smáatriði. Ég er



MYND/GETTY

þó ekki að að fullyrða að slík sambönd séu ekki lífvænleg, síður en svo, þar þarf þó að vera til staðar mikil virðing fyrir ólíkum sjónarmiðum.

Þekking er nokkuð sem þör sem hafa verið saman lengi telja sig yfirleitt búa yfir. Við erum þó aldrei búin að við að okkur þekkingu

um makann og það má alltaf gera betur. Fólk tekur stöðugum breytingum og því er það mikilvægt að vera sífellt að við að sér nýrri þekkingu um maka sinn, vera forvitin, fylgjast með og spyrja. Uppáhaldsmaturinn hennar fyrir þrjátíu árum er ólíklega sá sami í dag og stefnan sem

hann tók í fyrri í tengslum við atvinnumál gæti hafa breyst á undanförunum mánuðum.

## Fiðrildi í maganum

Ég tala stundum um kemistrí þegar ég fiska eftir því hvort þör finni fyrir ástríðu sín á milli. Mér finnst fólk tengja

vel við þá breytingu án þess að ætla að ég sé að spyrja beint út í kynhegðun. Það er svo margt sem felst í ástríðunni til dæmis að vera skotin í hvort öðru, fá fiðrildi í magann, nánd, faðmlög eða kossar. Sum þör finna fyrir mikilli ástríðu án þess að snerta hvort annað mikið, önnur þör uppfylla allar hinar breytur þar er lífsskoðanir, þekkingu og vináttu en á milli þeirra ríkir ekkert kemistrí.

Ef vilji er fyrir hendi frá báðum aðilum eru forsendur til þess að vinna með bresti í tengslum við allar þessar mikilvægu stoðir í parsambandi. Það sem ég tel þó að fólk flaski oft á en öðru í upphafi parsambanda er að það leyfir ástríðunni að blekkja. Ef fólk hefur fundið fyrir fiðrildum í maganum og getur ekki sleppt sjónum hvort af öðru þá telur það sig vera ástfangið. Ástfangið af manneskju sem það þekkir ekki sérlega vel, hefur ekki fengið tíma til þess að byggja upp vináttu við og hefur ekki gefist tækifæri á að kynna sér lífsskoðanir hvort annars.

## Tveggja ára reynslutími

Að þessu sögðu, er það mín von að þú og aðrir sem eru að stíga sín fyrstu skref í parsamböndum njóti ástríðunnar að vild en séuð meðvituð um að það er mikilvægt að halda öllu opnu, rannsaka aðrar mikilvægar hliðar, horfast í augu við rauð flögg og eiga opinskátt samtál um þessa þætti sem hér hafa verið ræddir. Ég heyrði eitt sinn að það tæki um það bil tvö ár að verða ástfangin af manneskju, ég sel það ekki dýrara en ég keypti það, en það gæti verið ágætis bjargráð að taka slíkan tíma til reynslu.

Umfram allt, fylgstu vel með sjálfri þér, öryggi þínu og sjálfsmynd. Það er innsæi sem getur gefið þér góðan leiðarvísi um hvort þú sért á réttri leið. Svo bara njóta þess að vera skotin og sjá hvert það leiðir ykkur. Góða skemmtun. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: [hjonabandssaela@gmail.com](mailto:hjonabandssaela@gmail.com).

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálf-sögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.





IS WATCH CO. REYKJAVIK  
*Sennilega*  
*Heimsins Minnsti*  
*Úra*  
*Framleiðandi*



HJÁ GILBERT ÚRSMÍÐ  
 SÉRHÆFUM VIÐ OKKUR  
 Í ÚRSMÍÐI, HÖNNUN OG  
 FRAMLEIÐSLU ÚRA. ÁRATUGA  
 REYNSLA, METNAÐUR OG  
 FAGMENNSKA.



ÚRVALIÐ AF ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA  
 OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ  
 SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á [WWW.GILBERT.IS](http://WWW.GILBERT.IS)

*J&S Watch co.*  
 REYKJAVIK



ARC-TIC ÚR  
 MEÐ LEÐURÓL  
 29.900.-



ARC-TIC ÚR  
 MEÐ STÁLÓL  
 34.900.-



**ARC-TIC**  
 ICELAND

**GILBERT**  
 ÚRSMÍÐUR

**GILBERT ÚRSMÍÐUR**  
 LAUGAVEGUR 62, 101 RVK  
 WWW.GILBERT.IS  
 SÍMI: 551 4100



Guðrún Ósk  
Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



Söngkonan Karítas Harpa Davíðsdóttir er tveggja barna móðir og á von á sínu þriðja barni. Ekki nóg með það þá er hún að vinna í nýrri tónlist og telur niður til jóla með svokölluðu jólagadagatali á Facebook. Frá 1. desember hefur hún sungið eitt lag sem hún deilir með aðdáendum sínum á Facebook og mun gera það til 24. desember.

#### Venjulegur dagur

Karítas Harpa lýsir venjulegum degi í lífi sínu. Hún byrjar á því að koma drengjunum sínum í skóla og leikskóla. Hún er komin 34 vikur á leið með þriðja barn sitt og ef nætursvefninn hefur verið lítill, þá reynir hún að leggja sig örlítið fyrir hádegi.

„Uppáhaldsdagarnir mínir eru stúdíó-dagar, ég er að vinna að því að leggja loka-hönd á plötu sem kemur út í janúar svo ég reyni að nýta daginn í skipulag á því eða vinnu í tölvu,“ segir Karítas.

„Strákarnir litlu koma heim milli 15.00 og 16.00, þá er ýmist körfuboltaæfing með þeim eldri eða við höfum okkur með perli, bakstri, málningu og svo framvegis þar til kemur að undirbúningi fyrir kvöldmatinn. Við Aron höfum bæði mjög gaman af því að elda og skiptumst gjarnan á að elda á kvöldin.“

#### Fjölbreytt og ferskt

Karítas fylgir engu ákveðnu mataræði. „Það hefur komið mér í koll áður, þegar ég var yngri. Verandi svolítið svona allt eða ekkert týpa þá hent-aði það mér illa að ætla að taka mataræði sérstaklega fyrir og fór hreinlega út í öfgar þar sem ég missti tókin á því. Í dag reyni ég að hafa mataræðið fjölbreytt, ferskt og neita mér ekki um neitt en reyni að halda skammtastærðum þá innan eðlilegra marka,“ segir hún.

Aðspurð hvort hún verji miklum tíma í eldhúsinu segir Karítas hann hafa aukist með árunum.

„Ég er alltaf meira og meira í eldhúsinu, mér finnst rosalega gaman að elda og baka. Það vita það alls ekki allir um mig en ég var nemandi við Hússtjórnarskóla Reykjavíkur vorið 2013, sem ég hreinlega elskaði. Mér finnst held ég skemmtilegra að elda og baka í dag þar sem ég er að gera það loks fyrir fleiri en bara sjálfa mig eða álíka, það er alveg fátt eins leiðinlegt og að eyða löngum tíma í að nostra við mat eða bakstur og enginn vill einu sinni smakka,“ segir hún.

„Svo hef ég verið alveg sérstaklega myndarleg núna í desember og prófað nýjar uppskriftir eins og að baka lagköku og mömmukökur með vinkonu minni sem dæmi.“



Karítas Harpa hefur verið myndarleg í eldhúsinu í desember.

MYNDIR/  
ANTON BRINK

# Hvít terta sem kallar á bakstursgæðastund

Söngkonan Karítas Harpa Davíðsdóttir á von á sínu þriðja barni, er að gefa út nýja plötu í janúar og telur niður til jóla með jólagadagatali á Facebook. Hvað ætli hún borði á venjulegum degi?

## Hvít terta (Vínarterta)

Svona þar sem við erum dottin í jólaundirbúninginn og baksturinn langar mig svo að deila með ykkur lagköku-upskrift sem við Aron hentum í einmitt um daginn, saman, þegar strákarnir voru sofnaðir, ekki heppnaðist hún bara svona ljómandi vel (betur en við þorðum að vona) heldur varð úr þessu heilmikil bakstursgæðastund hjá okkur parinu.

1 kg hveiti  
2 tsk. lyftiduft  
2 tsk. hjartarsalt  
500 g smjör  
500 g sykur  
5-6 egg  
Smá vanilla ef vill  
Sulta

Hitið ofninn í 200°C.

Hnoðið deig og skiptið í fjóra jafna bita, best að vigta og kæla.

Breiðið síðan deigið út á plötur með bökunarpappír á.

Bakið við 200°C í ca. 15 mín. Passið að botnamir verði ekki of dökkir.

Gott er að leyfa þessu aðeins að kólna eftir ofninn og leggja síðan



MYND/ANTON BRINK

botnana saman með sultu á milli laga (klassík að hafa rabbarbarasultuna).

Pakkið tertunni í plast og biðið í

sólarhring til að hún mýkist áður en hún er skorin í bita, pakkað og fryst.

Verði ykkur að góðu.

## Matseðill Karítasar Hörpu

### Morgunmatur

Uppáhaldið mitt er „spari“ grautur okkar eldri sonar míns. Hafra-grautur með stöppuðum banana út í, matskeið af hnetusmjöri, kanil og mjólk. Öllu hrært vel saman. Hriklaga góð leið til að byrja daginn.

### Hádegismatur

Oft eru það afgangar síðan kvöldið áður, eitthvað aðkeypt eða ef ég vippa einhverju upp er það yfirleitt einfalt. Eitthvað eins og egg/ommeletta, grænmeti og kannski ristað brauð.

### Kvöldmatur

Fiskur er vinsæll heima, við reynum að hafa hann að minnsta kosti tvisvar í viku, við erum líka rosa dugleg að gera hakk og spaghetti sem virðist alltaf ganga vel ofan í alla heimilismeðlimi.

### Uppáhaldsmáltíð?

„Einhver ferskur og góður fiskur í ofni með nóg af ofnbökuðu grænmeti, vel kryddað með léttri jógúrtsósu. Ég er alveg sérstaklega hrifin af fiski og fiskréttum.“ ■



## Una í eldhúsinu

Una Guðmundsdóttir, matgæðingur DV, er ekki hætt að baka og segir heimabaksturinn fína sárabót fyrir jólaboð. Allra nánustu geti vel gætt sér á heimabakstri með jólalegu ívafi og horft saman á huggulega jólamynd.



MYNDIR/ADSENDAR



### Skúffukaka með kaffikremi

4 dl hveiti  
2 dl sykur  
2 ½ tsk. lyftiduft  
1 tsk. matarsóði  
1 tsk. salt  
5 msk. kakó  
4 egg  
1 dl brætt smjör  
1 dl ab-mjólk (eða súrmjólk)  
1 dl mjólk  
2 tsk. vanilludropar

Byrjið á því að stilla ofninn á 180 gráður.

Blandið þurrefnunum saman í skál og hrærið saman.

Bræðið smjörið og leyfið því aðeins að kólna.

Bætið næst smjörunu, mjólkinni, ab-mjólkinni, vanilludropunum og eggjunum saman við og hrærið vel þar til allt hefur blandast vel saman.

Smyrjið bökunarform og setjið deigið í, ég nota gjarnan ofnskúffu.

Bakist við 180 gráður í um 30-40 mínútur.

Leyfið kökunni að kólna vel áður en kremið er sett ofan á hana.

**Kaffikrem**  
250 g mjúkt smjör eða smjörlíki  
250 g flórsykur  
½ dl kalt kaffi  
1 msk. vanilludropar

Blandið saman 250 g smjörlíki (mjúkt) og flórsykri og hrærið vel saman.

Bætið næst 1 msk. af vanilludropunum saman við ásamt ½ dl af köldu kaffi hrærið öllu vel saman.

Mér finnst skemmtilegt að skera kökuna í bita og setja kremið á með kremsprautu.

### Preföld marengsterta með ís á milli

Þessi kaka er tilvalin til þess að hafa í eftirrætt yfir hátíðirnar. Það sem er þægilegt við hana er það að hægt er að útbúa hana með fyrirvara og geyma í frysti. Ég mæli hins vegar með því að þeyta rjómann og setja ávextina ofan á kökuna samdægurs.

6 eggjahvítur  
320 g sykur  
2 tsk. vanilludropar  
200 ml rjómi  
2 lítrar ís (ég notaði ís ársins með Sambó-lakkrís)  
Fersk ber og ávextir að eigin vali (ég notaði mandarínur, brómber, hindber og jarðarber)  
Smá suðusúkkulaði og flórsykur til að skreyta með.

Byrjið á því að stilla ofninn á 160 gráður, undir- og yfirhita.

Þeytið saman eggjahvíturarnar og sykurinn þar til að hægt er að hvolfa skálinni án þess að blandan leki til, bætið þá vanilludropunum saman við og hrærið saman.

Myndið þrjá hringi á þrjár bökunar-



pappírsarkir og setjið inn í ofn og bakið í 35 mínútur.

Takið botnana úr ofninum og leyfið þeim að kólna vel áður en ís og rjómi er settur á botnana.

Þegar botnarnir hafa fengið að kólna er rjóminn þeyttur og settur til hliðar.


Byrjið að leggja ískúlur á neðsta

botninn, setjið ávexti að vild og leggið svo annan botninn ofan á, endurtakið og leggið ís og ávexti á þennan botn líka, ef að þið ætlið að nota mandarínur, mæli ég með að setja þær eingöngu á toppinn á kökunni.

Leggið rjómaþönduna svo ofan á toppinn á kökunni, setjið fleiri ávexti og saxið suðusúkkulaði og flórsykur aðeins yfir til að skreyta.



# HELGAR KROSSGÁTAN



	TÆMING STAULAST		FRÁ GARMUR		LAG- FÆRING	ÆRSL MISTAKAST	
FUGL HAMA- GANGUR							RÍKIS
					ÓÞEKKT		
LOKAD ÁGENGNI					BAKSA TEGUND		
				STJARNA LÆTI			4
FLJÓTUR	LÍFFÆRA	FÚI	7			BUGA	
	SKJÖN KÆR- LEIKUR	EKTA			KÆLA	TVEIR EINS MEIRA	
KÆR FJÁR- MUNIR			SKILJA	YFIR- BRAGÐ TRÉ			HAMINGJA
				STÓRVIRKI MEÐ		LÆKKAÐI AÐ	
TVEIR EINS		SKRAMBI HÁÐS- GLÖSUR	2		NES GENGI		
BLEK BRÁÐNA				HNAPPUR		ÚTHLUTAÐI RASK	
			EYJA Í ASÍU	ARGUR RÓGBERI			BEIN
	ÓHLJÓÐ FLAT- FISKUR		1		FÉLAGS- SKAPUR	ATA	6
FARFA INNI- LEIKUR			ÍLÁT ÆR				SÍA GIM- STEINN
			KUÐLA GLÆÐA			TRAUÐUR MATJURT	
ÍPRÓTTA- FÉLAG STRAX		HRIKTA VITLEYSA			STAUR KVK NAFN		
			RUGGA	5		SEPI	
EGG	KK NAFN ÚR HÓFI			TALA			TVEIR EINS
			HNODA			KOPAR	
BJAGA			ÁHALD				



## Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu

Sigríður Kjerúlf, Reykjavík.

Rétt svar við gátu vikunnar skal senda á [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is) ásamt nafni, símanúmeri og heimilisfangi.



Verðlaun fyrir rétt svar er Á byrjunarreit eftir Lee Child.

Bandaríkjamaðurinn vill fá hundrað milljónir dala.“ Þessi staka setning berst leynipjónustu Bandaríkja-anna frá írönskum njósnara í Hamborg árið 1996 en meira er ekki vitað. Ekki hver Bandaríkjamaðurinn er. Ekki fyrir hvað hann vill fá peningana eða frá hverjum. Jack Reacher er nýkominn úr leyniför til Evrópu sem gekk svo vel að honum er veitt orða fyrir sérstaklega lofsverða breytni í þágu lands og þjóðar. Síðan er hann sendur í endurmenntun. Í bekknum eru bara tveir aðrir nemendur, annar frá FBI og hinn frá CIA. Og verkefnið? Að finna Ameríkanann og það sem hann er að selja.

Í Á byrjunarreit rifjar Reacher upp gamla hermannataka, með sinn tryggja liðþjálf, Frances Neagley, sér við hlið. Sögu-sviðið er nýsameinað Þýskaland að kalda stríðinu afloknu, fullt af bandarískum hermönnum að lagast nýrri heimsmynd og heima-önnum með stóra drauma og strangar reglur.

Bjarni Gunnarsson þýddi.

## SUDO KU

Lausnarorð þessarar helgarkrossgátu er:

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

			8				
2					5	1	
						7	9
	4		1		6		
		7	5		9		
	1		8				
5	6		3	8			
		4	7			9	
9	3		2				

		5				6	4
1	3		6			2	
	2		5				
6					3		
						7	5
7		9					1
			3			4	
			1				9
5	7				8		

### Lausn síðustu helgarkrossgátu

	G	B	O				
	H	B	R	E	S	K	A
	B	A	R	Ó	N	U	N
	V	I	T	A	M	Æ	T
	M	A	R	A	F	I	P
	A	G	N	A	R	O	S
	Ö	B	I	L	D	U	R
	B	U	L	L	A	I	R
	E	Y	M	D	L	I	F
	R	R	V	I	S	N	A
	F	J	Á	R	I	K	A
	A	Ð	A	L	U	N	E
	Ð	A	K	J	A	R	R
	Á	G	N	A	R	O	S
	I	Ð	R	A	F	A	T
	B	Ú	V	I	N	N	U
	G	L	A	T	A	D	A
	Á	A	F	L	A	D	Æ
	Ó	S	K	U	R	K	R
	A	R	G	A	S	T	



## ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

					2	7	9	5	
		1	2	4					
2						8			
1			4		3				7
		4							8
				1	5	3			
7	9	2	3						

## AMERÍSK KROSSGÁTA

1	2	3	4	5		6	7	8	9	10
11					12			13		
14					15	16				
17					18					
19					20			21		
			22	23		24	25			
26	27	28		29	30		31	32	33	34
35			36				37			
38							39			
40					41	42				
43						44				

### LÁRÉTT

- slaga
- umstang
- skortir
- áhrif
- bylgja
- valda
- íþrótt
- daufur
- smáhögg
- fyrirtæki
- miski
- flan
- keyrðu
- húðpoki
- hróp
- röggssöm
- villast
- afl
- dásemd
- lasleiki
- veiki
- neitun
- hlutdeild
- gælunafn

### LÓDRÉTT

- suð
- svalla
- fyrir
- yfirhafna
- samtök
- dýrahljóð
- útbía
- vegna
- múgur
- vín
- æða
- nægilega
- signa
- hrúgur
- fjáð
- kuldi
- hýði
- forlög
- grön
- prófa
- göfugur
- í röð

## STAFARUGL

Leynigeturinn í síðasta stafarugli var **MÖNDLU-GRAUTUR**. Enda tel ég nokkuð öruggt að þetta, þið vitið hvað, muni ekki geta eyðilagt þann okkar gamla góða síð hvað sem tautar og raular.

Og já, maður verður að vera almennilegur sérstaklega núna þegar jólafastan er gengin í garð og nota engin orð sem hægt er að tengja við þið vitið hvað. Svo líkt og undanfarið er ekki orð um þið vitið hvað í stafasúpunni þessa vikuna og engin orð sem svo mikið sem tengja má

við þið vitið hvað, enda nóg komið af allri slíkri umræðu og meira að segja leynigeturinn tengist ekki heldur þið vitið hverju nema með óbeinum hætti.

Svo, hér er stafaruglið með sínum 20 földu orðum úr hinum ýmsu óskildustu áttum. 19 gefin upp eins og venjulega en það tuttugasta, leynigeturinn, er í þetta skiptið einn af þeim jólasíðum sem nánast hvert einasta okkar viðhefur og hef ég enga trú á því að þið vitið hvað muni geta breytt því.

hvalbein svaglandi kúðhyrndur fáfnisgras	rófugarður jafningur safnhaugur laufblað	árabátur olíubera tágastóll sérlega	sófisti boglína hraðganga alabast	áhangandi járngrind fagott
---	---	--	--	----------------------------------

K	Ú	M	X	A	Í	É	Ð	A	Ý	K	H	Y	V	S	A	Ð	Í	Ý	L	J	É	N	H	E	R	Á	Ð	V	
M	S	J	K	B	Ý	Ó	Á	S	R	G	V	Y	R	Y	Í	S	S	L	O	D	L	Ð	É	N	Í	L	O	K	V
E	X	F	H	E	K	O	X	O	V	S	V	A	G	L	A	N	D	I	R	D	V	T	E	Ú	D	Á	E	F	X
J	J	H	O	Ý	Á	R	O	S	A	K	R	Ð	T	É	N	R	A	E	S	Í	Ó	Ó	Ú	É	P	D	J	Á	Ú
E	R	B	U	B	Ð	F	Ú	Ó	L	V	E	F	U	S	F	O	Ý	T	L	I	L	V	U	P	É	U	R	F	Ú
D	X	Y	G	K	O	F	V	D	U	Ý	J	S	Ý	Ú	Ý	N	S	Ý	J	R	V	Ú	T	K	N	Ý	Y	N	A
I	Ý	Ú	Ý	O	J	B	Ý	I	G	X	B	Ó	G	S	V	J	M	K	E	J	O	É	É	M	J	Ú	Á	I	E
G	V	Y	F	H	E	É	B	E	U	Ú	R	F	Ý	A	N	Ó	M	T	Ð	Ú	K	O	I	O	Ú	Í	Í	S	Á
Á	E	J	P	I	Á	Ó	J	A	N	Ú	Ý	I	L	B	Ð	L	Y	Á	Y	D	E	S	G	L	Ý	Ó	É	G	R
X	B	I	T	O	I	E	T	Ú	Í	P	Ð	S	E	É	O	A	O	N	Y	M	G	U	P	D	M	B	K	R	A
O	L	V	Ó	O	Á	Ð	E	T	X	H	L	T	É	H	N	G	K	T	D	A	H	D	Ó	G	H	V	Y	A	B
Ú	D	J	Ý	J	N	H	R	J	Á	F	L	I	K	L	G	J	L	Ú	S	H	J	F	K	Í	Ý	Ð	Ó	S	Á
L	H	U	Í	U	G	Á	A	H	M	J	G	D	Ú	G	Ó	A	Y	Í	T	V	B	É	Á	K	I	V	Ó	I	T
I	J	M	X	Y	B	Ó	Á	N	V	Ú	Y	R	R	Ó	K	F	L	R	N	É	Ó	Ú	Á	Ú	Ó	T	P	B	U
K	K	T	T	É	S	Á	F	Ð	G	Ú	P	Ú	Ó	P	Ó	I	Á	M	F	A	V	B	Á	X	Á	A	E	Y	R
L	I	T	Á	X	B	R	Ó	A	P	Á	Ý	H	H	F	G	R	R	A	Ý	Í	M	V	J	É	K	U	I	Ð	A
S	T	J	G	Ú	S	L	R	Y	P	Ð	N	R	D	H	U	S	D	Í	F	V	P	U	R	Ý	Í	É	J	Ó	B
Á	M	K	A	O	T	A	Í	Y	R	O	M	D	L	T	E	G	S	A	F	N	H	A	U	G	U	R	Á	G	I
L	D	M	Ý	P	G	F	P	Ó	A	P	P	D	I	S	I	N	A	Ó	E	Í	T	Ý	É	J	U	P	R	P	T
S	E	Ú	S	E	R	R	Á	Ú	Ð	N	L	K	U	Í	U	E	M	R	F	Ó	E	F	J	Í	É	Í	N	M	P
R	E	R	L	L	H	É	D	P	Ú	M	S	Ú	F	F	X	R	Á	Ð	Ð	A	E	É	T	O	A	Ó	G	K	K
S	S	R	S	O	X	I	V	D	O	S	T	Ó	X	R	D	K	A	G	O	U	F	S	T	Ú	K	G	R	H	Ð
Ý	É	D	J	N	U	O	I	Ú	N	U	F	J	P	J	B	L	P	Ð	L	V	R	V	U	L	L	F	I	T	D
S	B	M	A	É	O	E	L	R	N	N	Y	A	Ú	D	Y	Ð	Ý	V	Í	X	Ó	N	P	R	Í	A	N	P	X
R	Í	X	F	U	Í	É	Ð	É	P	N	Á	Ý	A	J	M	N	Y	U	H	Ú	Ý	B	B	Í	V	D	G	B	
Ú	I	Á	N	R	A	D	G	F	N	S	I	L	Ý	N	A	H	I	K	B	R	Ý	M	Á	N	D	X	G	K	T
É	P	S	I	K	Ó	O	V	H	B	F	Ð	V	H	R	V	H	Ú	V	E	Y	M	B	J	A	B	Y	G	Á	Ð
Ú	D	Ð	N	F	V	Ð	E	V	G	A	X	J	Ý	T	V	A	G	R	U	U	K	I	Í	Á	Ð	O	T	M	
Á	Ý	D	G	X	P	U	J	Á	L	G	Y	M	N	F	Á	K	X	L	A	N	Y	X	Y	P	U	T	V	K	E
É	U	Ý	U	M	H	O	D	B	Ð	O	Á	V	M	D	S	S	G	Á	U	U	Í	Á	Í	Í	D	É	L	O	B
D	É	G	R	K	V	B	F	Ý	F	T	Ý	Á	Y	H	N	A	Í	L	Ú	Á	Ð	Y	É	O	U	L	P	Á	P
N	N	É	Y	Ð	P	U	Ð	L	H	T	S	L	N	T	G	P	Y	É	Ý	Í	B	Í	G	D	V	S	Í	X	Í
R	S	J	I	O	A	A	L	Ð	X	H	M	N	A	N	O	N	T	O	M	T	Í	G	L	Ú	B	Ú	G	R	O
Y	A	Y	Ó	L	L	Ó	L	K	E	Ú	O	D	A	Ó	I	I	H	U	F	S	U	U	T	R	I	N	I	O	D
M	I	É	E	Ó	T	Y	A	R	D	O	Ð	G	A	E	G	Ú	L	B	D	V	Í	N	A	Ú	H	V	V	Á	L
P	H	F	R	S	O	É	V	Ó	H	B	Ð	R	B	E	R	Í	M	U	I	D	T	H	É	K	A	O	R	Ð	Ú
V	É	M	A	Ú	D	Ð	Ý	Á	Á	A	J	L	Á	R	É	U	B	Á	Ð	R	R	Ð	Ð	Ú	H	É	S	Á	Á
G	K	G	Ð	Í	N	T	Y	G	R	V	A	D	É	X	Ú	G	P	Í	V	D	Ý	L	X	Í	S	O	R	F	P
U	Á	U	G	E	Ð	Í	H	T	V	V	Á	D	H	G	K	Ú	Ð	H	Y	R	N	D	U	R	J	R	H	V	
T	Ð	O	B	T	K	Ó	P	F	H	A	F	Ú	I	Ý	Y	V	U	G	Á	Y	D	U	A	L	A	B	A	S	T



★★★★★

KATRÍN LILJA / LESTRARKLEFINN

★★★★★

RAGNHILDUR ÞRÁSTARDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ



Spennandi og skemmtileg bók um fjöruka krakka sem lenda í ótrúlegum ævintýrum




# Tíu atriði sem þú vissir ekki um skærustu stjórnun heimis

Anya Taylor-Joy er ein eftirsóttasta leikkona heimis um þessar mundir eftir að hafa leikið í Netflix-þáttunum *The Queen's Gambit*. Þættirnir slógu áhorfsmet og virðast allir vera æstir í að vita meira um þessa frábæru leikkonu.

## 1. TALADI SPÆNSKU SEM BARN

Anya talar spænsku reiprennandi og lærði ekki ensku fyrr en hún var átta ára gömul. Anya fæddist í Flórída en flutti til Búenos Aires þegar hún var smábarn með foreldrum sínum, móðir hennar er af spænskum ættum. Anya talaði spænsku þar til hún var átta ára og fjölskyldan flutti til London, þessi breyting reyndist henni erfið.



MYND/INSTAGRAM

## 2. NEITAÐI AÐ TALA ENSKU

Anya neitaði að tala ensku eftir að hún flutti til London. Að læra nýtt tungumál getur verið erfitt, en ástæðan fyrir því að hún harðneitaði að tala tungumálið var ekki vegna erfiðleika, heldur því hana langaði að flytja aftur til Argentínu. Hún trúði því að ef hún myndi ekki læra að tala ensku, þá myndi fjölskyldan enda með að flytja aftur heim. Brögð hennar virkuðu ekki og endaði hún með að fara í skóla í Bretlandi.



MYND/IMDB

## 3. HARRY POTTER HJÁLPAÐI

Þegar Anya sætti sig loksins við að hún þyrfti að læra ensku fékk hún aðstoð frá galdradrenghum Harry Potter og bókunum um hann. Harry Melling, sem lék Dudley í Harry Potter-myndunum, var mótaleikari Anya í *The Queen's Gambit* og viðurkennir hún að hafa verið með stjórnur í augunum þegar hún hitti hann fyrst.

## 4. FAÐIR HENNAR VAR VÉLBÁTAKAPPSIGLINGAMAÐUR

Þetta hljómar eins og eitthvað úr hasarmynd, vélbátakappsiglingamaður. En faðir hennar var ekki alltaf í svona spennandi starfi, hann var bankamaður fyrir það. Öruglega ekki leiðinlegt að svara spurningunni: „Hvað gerir pabbi þinn?“

## 5. BLANDAÐUR HREIMUR

Í *The Queen's Gambit* er Anya með bandarískan heim, en leikkonan

sjálf er með heim sem er ansi erfitt að staðsetja. Eins og kemur fram hér að ofan bjó Anya í Argentínu til átta ára aldurs, hún flutti síðan til London og dvaldi þar til fjórtán ára aldurs. Þá flutti hún til New York og þar með er heimur hennar einhvers konar blanda af heimum frá ólíkum heimshornum.



MYNDIR/NETFLIX



MYND/GETTY

## 8. HÚN ER LJÓSHÆRÐ

Það kemur kannski mörgum á óvart, en Anya er náttúrulega ljóshærð. Rauðu lokkarnir fara henni svo vel í *The Queen's Gambit* og hún sportar svörtu síðu hári í kvikmyndunum *Split*, *Glass* og *Radioactive*.

## 9. ÁSTRÍÐA FYRIR LEIKLIST

Anya vissi alltaf að hana langaði til að verða leikkona. Hún hætti í skóla þegar hún var sextán ára til að elta drauma sína en það tók tíma fyrir hana að fá hlutverk. Á þeim tíma starfaði hún sem fyrirsæta og í einni myndatökunni hitti hún Alan Leech úr *Downton Abbey*. Þau náðu vel saman og hann reddaði henni fyrstu stóru áheyrnarprufunni.

## 10. HÚN HATAÐI SKÓLA

Þó að ástríða hennar fyrir leiklist hafi verið aðalástæðan fyrir því að hún hafi hætt í skóla, þá spilaði það vissulega inn í hversu mikið hún hataði skólann. Hún átti ekki marga vini, var lögð í einelti og leið almennt mjög illa í skóla.





# SPÁÐ Í... stjörnurnar



LESID Í TAROT Arnaldur Indriðason

Vitum rétta svarið en rökhugsun flækist fyrir

**S**pennusagnakóngurinn Arnaldur Indriðason er Vatnsberi. Vatnsberinn er óstýrlátur og óhræddur við að ganga á skjön við aðra. Hann berst fyrir litla manninn og vill réttlæti. Vatnsberar eru þekktir fyrir að vera náttúruelskandi hippar og ekkert við þá er endilega talið hefðbundið. Hvorki fataval né lífsstíll þeirra. Þar af leiðandi eru þeir áhuga-verðar týpur sem líta hversdagsleikann.

### Æðsti meyprestur

Innsæi | Heilög þekking | Undirmeðvitund

Þetta tiltekna spil er komið til þess að minna þig á að hlusta á og fylgja innra innsæi. Ef þig vantar svar við einhverju skalt þú leita inn á við og treysta svarinu. Oft vitum við rétta svarið en hjartað og rökhugsunin flækist fyrir. Erfið ákvörðun getur verið sú rétta. Ákvörðunin mun létta á þér – láttu til skarar skríða.

### Töframaðurinn

Birtingarmynd | Útsjónarsemi | Kraftur | Innblástur

Töframaðurinn boðar nýja tíma og ný tækifæri. Hér áttar þú þig á þínum eigin töfrum og hvernig þú getur kallað hluti til þín. Hér rætast gamlar óskir sem virðast einfaldlega flæða til þín. Við fáum öll svona tímabil í lífi okkar þar sem allt virðist ganga upp og heppnin virðist endast. Á þessum tíma er gott að gefa sér tíma í að hugsa vel hvert þú vilt stefna og sjá það skýrt. Þegar maður er skýr um hvað maður vill og af hverju, þá kemur allt heim og saman.

### Pristur í bikurum

Hátíð | Vinátta | Sköpun | Samvinna

Hér sé ég mikinn fögnuð og gleði. Það er verið að skála fyrir einhverju samstarfi þar sem þrír koma saman og láta ljós sitt skína. Þetta verður farsælt samstarf. Hér er eitthvert nýtt ástríðuverkefni og mér finnst eins og þeir sem vinna það með þér tengist þér fjölskylduböndum. Þetta ár hefur verið einmanlegt fyrir marga en þetta samstarf mun sannarlega bæta þá upp.



MYND/SIGTRYGGUR ARI



### Skilaboð frá spákonunni

Til þessa að tengjast innsæinu og fá svör þarf stundum að skapa ró innra með sér og þá er hugleiðsla svarið. Mörgum finnst hugleiðsla krefjandi en hún getur verið á úmsu formi, göngutúr eða jafnvel bakstur er mögulega þín leið.

## SVONA EIGA ÞAU SAMAN


### Ástfangin jólabörn

**S**öngkonan Ragnheiður Gröndal og gítarleikarinn Guðmundur Pétursson eiga bæði afmæli í jólamánuðinum mikla. DV lék forvitni að vita hvernig þessi desemberbörn eiga saman þegar lítið er til stjörnu-merkjana.

Ragnheiður og Guðmundur eru bæði Bogmenn. Bogmaðurinn er eldmerki og fullur af lífi. Það er frábær tilfinning að sjá tvo Bogmenn koma saman og ást þeirra blómstra, það er eins og að fylgjast með barni vaxa úr grasi. Ragga og Gummi, eins og þau eru kölluð, eru bæði afreksfólk í tónlist og eldmóðurinn fyrir listinni sameinar þau.

Það er aldrei langt í fjörið. Þegar við hugsum um tvo Bogmenn í sambandi þá gætum við allveg eins hugsað um tvo unglunga sem þykir allt fyndið. Bogmaður verður auðveldlega ástfanginn, þeim tekst að aðlagast hvor öðrum auðveldlega, en eiga það til að breyta skoðunum sínum og tilfinningum sínum til hvor annars jafn auðveldlega.

Samkvæmt stjörnunum er þörun tveggja Bogmanna yfirleitt ekki til langtíma, en það kemur reglulega þar sem gefur skít í líkurnar og verður svo ástfangið að ekkert kemst á milli þeirra. ■



MYND/STEFÁN KARLSSON

#### Ragnheiður Gröndal Bogmaður

15. desember 1984  
■ Örlát  
■ Hugsjónamaður  
■ Húmoristi  
■ Framtakssöm  
■ Óþolinmóð  
■ Heiðvirð

#### Guðmundur Pétursson Bogmaður

6. desember 1972  
■ Örlátur  
■ Hugsjónamaður  
■ Húmoristi  
■ Framtakssamur  
■ Óþolinmóður  
■ Heiðvirður

## STJÖRNUSPÁ Vikan 11.12. – 17.12.

Hvað segja stjörnurnar um þig þessa vikuna?

**♈ Hróttur**  
21.03. – 19.04.

Óvenju erilsöm vika er fram undan hjá Hróttum og þér gætu fallist hendur. Nú reynir á sköpunarkraft þinn til þess að gera dagleg verk skemmtilegri. Hvernig getur þú brotið daginn upp? Skapaðu ævintýri í hversdagsleikanum!

**♎ Vog**  
23.09. – 22.10.

Þú ert skemmtilega kærulaus þessa vikuna, það þarf mjög lítið til þess að þú breytir plani þínu eða hættir við skipulagið til þess að hafa aðeins meira gaman eða til þess að vinna aðeins minna. Lífið er núna, njóttu þín!

**♊ Naut**  
20.04. – 20.05.

Nautið þarf að endurskoða einhver mál í vikunni. Mögulega þarftu að taka erfiða ákvörðun um eitthvert samband eða samstarf. Það eina sem skiptir máli er að velja rétt fyrir þig en ekki hugsa hvað er best fyrir aðra. Öllu illu er best aflokið.

**♏ Sporðdreki**  
23.10. – 21.11.

Megi kosmósið gefa þér æðrulleysi til að sætta þig við það sem þú færð ekki breytt, kjark til að breyta því sem þú getur breytt og visku til að greina þar á milli. Ef þú ferð eftir þessu þá muna komandi dagar ganga mun betur.

**♋ Tvíburi**  
21.05. – 21.06.

Tvíburi hugsar oft ekki áður en hann talar sem er oftast skemmtilega sköplegt. En þessa vikuna gæti hann þurft að leiðrétta einhvern misskilning eða vanda orð sín betur svo einhver verði ekki særður.

**♉ Bogmaður**  
22.11. – 21.12.

Þú ert eins og jólasveinninn sjálfur með langan lista og tékkar á honum tvisvar til þess að allt batterið gangi upp. Mikið að gera en skipulagið gengur ótrúlega vel, þú nýtur þess að stroka út af listanum og sérð komandi jólafrí í hillungum!

**♋ Krabbi**  
22.06. – 22.07.

Þessa vikuna er Krabbinn í viðskiptaham. Þú ert að velta fyrir þér hvernig þú getur fjármagnað næstu framkvæmdir og drauma. Aldrei of seint í rassinn gripið, þessi undirbúningur mun koma sér vel fyrir komandi ár.

**♎ Steingeit**  
22.12. – 19.01.

Vertu ófeimin við að biðja um hjálp, við erum öll hérna fyrir þig og, vá, hvað þú er mikið elskuð! Gleymdi því aldrei! Farðu í sund og hrístu þennan þunga vetur af þér og ihugaðu hvernig þínir nánustu geta hjálpað þér eða mögulega hvaða utan að komandi hjálp væri best fyrir þig núna.

**♏ Ljón**  
23.07. – 22.08.

Heimurinn er nógu krefjandi eins og hann er án þess að þú bætir álagið með því gera lítið úr sjálfum þér. Andátt inn andátt út... og sleppa tökum á því sem þú getur ekki breytt. Þú ert að gera þitt besta og það er meira en nóg. Við mælum með að þú bakir piparkökur!

**♊ Vatnsberi**  
20.01. – 18.02.

Þú ert tilbúinn til þess að fara dýpra inn í sambandið. Þú finnur sterkar tengingar til einhvers ákveðins, tilfinningu sem þú hefur ekki áður fundið. Hver veit nema fjölskyldan fái að hitta þessa einstöku persónu í næsta zoom-jólaboði.

**♊ Meyja**  
23.08. – 22.09.

Rómantíkin er í loftinu og gott betur! Meyjan svífur um á bleiku skýi með fiðrildi í maganum. Hvort sem þetta er sjálfsást, endurgoldin ást eða ný ást þá erum við afskaplega ánægð fyrir þína hönd. Það er svo gott að elska!

**♋ Fiskur**  
19.02. – 20.03.

Fiskurinn borðar aðeins of mikið af konfektum þessa vikuna og skammast sín bara ekki neitt! Enda hef ég aldrei hitt Fisk sem fer á ketó. En meginmálið er að þú trítar þig vel þessa vikuna eins og sannkallaður kósi-kísi.




# BÆKUR FYRIR BOLTAFÓLK

Hátíð ljóss og friðar kallar oftast en ekki á góða bók, en knattspyrnuáhugafólk getur svo sannarlega lesið sér til gagns og gamans yfir jólin. Á hverjum kemur út bókin Íslensk knattspyrna sem Víðir Sigurðsson, blaðamaður á Morgunblaðinu, heldur utan um. Fleiri bækur tengdar þessari stærstu íþróttagrein í heimi komu út fyrir jól og henta þær bæði ungum sem öldnum.

## ÍSLENSK KNATTSPYRNA 2020

Bækur Víðis Sigurðssonar um íslenska knattspyrnu þykja einstakar. Þessi vinsæli bókaflokkur hefur nú komið út í fjórutíu ár og hefur aldrei verið betri. Um er að ræða mikilvæga heimild um íslenska knattspyrnu. Íslensk knattspyrna kom út í fyrsta skipti árið 1981 en höfundur hennar þá var Sigurður Sverrisson, Víðir tók við ári síðar og hefur séð um skrifin síðan þá. Það sem meira er að núna geta lesendur keypt nýjustu bókina í forsölu og fengið aðgang að öllum hinum í rafrænu formi, eitthvað sem margir hafa lengi beðið eftir. Auk þess að fara yfir knattspyrnuárið eru í bókinni í ár viðtöl við Rasmus Christiansen og Sonný Láru Þráinsdóttur sem fögnuðu Íslandsmeistaratitlinum með sínum liðum og þá eru pistlar frá Gumma Ben, Guðna Bergssyni og Mist Rúnarsdóttur.



## LIVERPOOL – FLOTTASTI KLÚBBUR Í HEIMI

Illugi Jökulsson fer í þessari bók ítarlega yfir eitt sögufrægasta knattspyrnufélag í heimi sem varð í sumar enskur meistari í fyrsta sinn í 30 ár. „Liverpool á glæstari sögu en nokkurt annað fótboltalið á Englandi. Ekkert enskt lið hefur oftast unnið æðstu metorð í Evrópufótboltanum. Hér segir frá Robbie Fowler, Kenny Dalglish, Virgil Van Dijk, Jordan Henderson og ótal fleiri snillingum,“ er haft eftir útgefanda um bókina. Bókin er fyrir alla aldurshópa og sérstaklega þá sem minni eru enda eru stórar myndir og textinn er skemmtilegur. Bók sem eldheitur stuðningsmaður Liverpool mun elska um ókomna tíð.



## Í FAÐMI LJÓNSINS – ÁSTARSAGA

Orri Páll Ómarsson ritar þessa skemmtilegu bók um ást Íslendinga á enska fótboltanum. Það er oftast en ekki talað um enska fótboltann sem þjóðaríþrótt Íslendinga, fyrir mörgum er enski boltinn hreinlega trúarbrögð. Stuðningsmaður Manchester United fagnar þegar vel gengur en situr í sárum í marga daga þegar lið hans tapar, þannig má segja um öll lið og þeirra stuðningsmenn. Í bókinni ræðir Orri við einstaklinga um ástina á enska boltanum og þeirra liði. En hvernig hófst þessi ástarsaga? Hvenær og hvers vegna lentum við í faðmi enska ljónsins? Tilkoma getrauna 1952 og sjónvarpsins 1966 eru sannarlega vörður á þessari vegferð. Frásagnir og ritstíll Orra gera bókina fræðandi en afar skemmtilega á sama tíma.



## MEISTARATAKTAR

Bók sem yngri kynslóðin mun kunna vel að meta en í bókinni eru æfingar í bland við fróðleik. Ungt knattspyrnufólk getur lesið bókina og farið svo út á völl og reynt að herma eftir stjörnum fótboltans, æfingarnar sem eru sýndar eru vel útskýrðar með myndum og texta. „Viltu ná stjórn á boltanum eins og Kylian Mbappé, fara fram hjá andstæðingunum eins og Lionel Messi, tækla eins og Lucy Bronze eða verja óverjandi skot eins og Alisson Becker? Þessi bók getur hjálpað þér að ná tökum á meistaratóktum bestu leikmanna heims,“ segir á kápu bókarinnar.





Við tjónaskoðum  
bílinn þinn **þér að**  
**kostnaðarlausu**  
á meðan þú bíður



**Bílastjarnan**  
SPRAUTUN RÉTTINGAR



## SAND KORN



MYND/CAT GUNDRY-BECK

### „Sexí sósumyndir“

Nína Richter, fyrrverandi blaðakona, sat nýlega fyrir í sósuauklýsingu fyrir sósufrirtækið Lefever sem staðsett er á Djúpavogi. Frirtækið framleiðir meðal annars vinsæla sterka sósu eða „Hot sauce“ undir nafninu Bera. Nína greindi frá myndatökunni í skemmtilegri færslu á samfélagsmiðlinum Twitter. „Ég sat fyrir í jólasósuauklýsingu á dögunum og held að ekkert rammi þetta ár jafn mikið inn eins og sexí sósumyndirnar af settinu,“ sagði Nína og bætti við að jólagjöfin í ár væri sósa.

### Stjörnufans á Hverfisgötu

Veitingahúsið No-Concept var opnað í byrjun október á Hverfisgötu. Þótti mörgum nóg um enda veitingastaðir að róa lífróðurinn í öðru hverju húsi. Hugrekið hefur þó borgað sig og er staðurinn ákaflega vinsæll, ekki síst í hádeginu. Fræga fólkið flykkist þar að og þykja pitsurnar sem allar heita eftir Tom Cruise-myndum sérlega góðar. Hafði einn gesta þó orð á því í vikunni þegar Einar Kárason, höfundur Djöflaeyjunnar, yfirgaf staðinn og inn gekk Friðrik Þór Friðriksson, leikstjóri samnefndrar kvikmyndar, að kannski hefðu nöfn réttanna frekar átt að koma úr kvikmyndum Friðriks eða bókum Einars. ■

## Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Epal / Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



Sósa sig!

LOKI

by Lassen.

MUUTO

normann  
COPENHAGEN



HAY

FREDERIK  
BAGGER

ROYAL COPENHAGEN